## Efnisyfirlit:

*Inngangur* ... - 5 -

*1 Starfsáætlun menningarmála Reykjavíkurborgar* ... - 6 -

1.1 Stefna í menningarmálum ... - 6 -

1.2 Breytingar á gjaldskrá ... - 6 -

1.3 Nýmæli og breytingar 2004 - 2005 ... - 6 -

1.4 Samhæft árangursmat ... - 7 -

1.5 Fjárhagsáætlun ... - 12 -

*2 Starfsáætlanir menningarstofnana Reykjavíkurborgar* ... - 17 -

2.1 Borgarbókasafn Reykjavíkur ... - 18 -

2.2 Borgarskjalasafn Reykjavíkur ... - 26 -

2.3 Listasafn Reykjavíkur ... - 32 -

2.4 Ljósmyndasafn Reykjavíkur ... - 40 -

2.5 Menningarmiðstöðin Gerðuberg ... - 46 -

2.6 Minjasafn Reykjavíkur ... - 54 -

## Töfluyfirlit:

TAFLA 1-1 YFIRLITSTÖLUR MENNINGARMÁLA REYKJAVÍKUR 2003 - 2005 - 12 -
TAFLA 1-2 ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN MENNINGARMÁLA REYKJAVÍKUR 2003 - 2005 - 12 -
TAFLA 1-3 LYKILTÖLUR MENNINGARMÁLA REYKJAVÍKUR - 13 -
TAFLA 1-4 SAMANDREGIÐ REKSTRARYFIRLIT MENNINGARMÁLA REYKJAVÍKUR - 13 -
TAFLA 1-5 SUNDURLIÐAÐ REKSTRARYFIRLIT MENNINGARMÁLA REYKJAVÍKUR - 14 -
TAFLA 2-1 YFIRLITSTÖLUR BORGARBÓKASAFNS REYKJAVÍKUR 2003 - 2005 - 21 -
TAFLA 2-2 ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN BORGARBÓKASAFNS REYKJAVÍKUR 2006 - 2008 - 22 -
TAFLA 2-3 LYKILTÖLUR BORGARBÓKASAFNS REYKJAVÍKUR - 22 -
TAFLA 2-4 REKSTRARYFIRLIT BORGARBÓKASAFNS REYKJAVÍKUR - 23 -
TAFLA 2-5 VIÐBURÐAÁÆTLUN BORGARBÓKASAFNS REYKJAVÍKUR 2005 - 23 -
TAFLA 2-6 YFIRLITSTÖLUR BORGARSKJALASAFNS REYKJAVÍKUR 2003 - 2005 - 27 -
TAFLA 2-7 ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN BORGARSKJALASAFNS REYKJAVÍKUR 2006 - 2008 - 28 -
TAFLA 2-8 LYKILTÖLUR BORGARSKJALASAFNS REYKJAVÍKUR - 28 -
TAFLA 2-9 REKSTRARYFIRLIT BORGARSKJALASAFNS REYKJAVÍKUR - 29 -
TAFLA 2-10 YFIRLITSTÖLUR LISTASAFNS REYKJAVÍKUR 2003 - 2005 - 33 -
TAFLA 2-11 ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN LISTASAFNS REYKJAVÍKUR 2006 - 2008 - 33 -
TAFLA 2-12 LYKILTÖLUR LISTASAFNS REYKJAVÍKUR - 34 -
TAFLA 2-13 REKSTRARYFIRLIT LISTASAFNS REYKJAVÍKUR - 35 -
TAFLA 2-14 SÝNINGARDAGSKRÁ LISTASAFNS REYKJAVÍKUR 2005 - 36 -
TAFLA 2-15 YFIRLITSTÖLUR LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR 2003 - 2005 - 41 -
TAFLA 2-16 ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR 2006 – 2008 - 41 -
TAFLA 2-17 LYKILTÖLUR LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR - 42 -
TAFLA 2-18 REKSTRARYFIRLIT LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR - 43 -
TAFLA 2-19 SÝNINGARDAGSKRÁ LJÓSMYNDASAFNS REYKJAVÍKUR 2005 - 43 -
TAFLA 2-20 YFIRLITSTÖLUR MENNINGARMIÐSTÖÐVAR GERÐUBERGS 2003 - 2005 - 48 -
TAFLA 2-21 ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN MENNINGARMIÐSTÖÐVAR GERÐUBERGS 2006 - 2008 - 48 -
TAFLA 2-22 LYKILTÖLUR MENNINGARMIÐSTÖÐVAR GERÐUBERGS - 49 -
TAFLA 2-23 REKSTRARYFIRLIT MENNINGARMIÐSTÖÐVAR GERÐUBERGS - 50 -
TAFLA 2-24 VIÐBURÐAÁÆTLUN MENNINGARMIÐSTÖÐVAR GERÐUBERGS 2005 - 50 -
TAFLA 2-25 YFIRLITSTÖLUR MINJASAFNS REYKJAVÍKUR 2003 - 2005 - 55 -
TAFLA 2-26 ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN MINJASAFNS REYKJAVÍKUR 2006 - 2008 - 56 -
TAFLA 2-27 LYKILTÖLUR MINJASAFNS REYKJAVÍKUR - 56 -
TAFLA 2-28 REKSTRARYFIRLIT MINJASAFNS REYKJAVÍKUR - 57 -
TAFLA 2-29 SÝNINGARDAGSKRÁ MINJASAFNS REYKJAVÍKUR 2005 - 57 -

# Inngangur

Starfs- og fjárhagáætlun þessi er unnin fyrir stjórnkerfisbreytingar þær er samþykktar voru í borgarráði þ. 14. okt. s.l. þar sem gert er ráð fyrir að menningar- og ferðamálaráð fari með menningar- og markaðsmál, og menningarmálanefnd og stjórn Höfuðborgarstofu sameinist. Því er áætlunin unnin með fyrirvara og gert ráð fyrir endurskoðun.

**Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar**.
Sem fyrr skipa menningarstofnanirnar sex sérstakan sess í starfsáætluninni og fylgja starfs- og fjárhagsáætlanir þeirra megináætluninni. Þær fara saman með 54% af framlagi til menningarmála og lúta þeim faglegu og fjárhagslegu kröfum sem gerðar eru til borgarstofnana. Fyrir tíma menningarmálanefndar og síðar ráðningu menningarmálastjóra heyrðu stofnanir þessar beint undir borgarstjóra og staða þeirra er slík að forstöðumenn bera ábyrgð á rekstri, stjórnsýslu og faglegri starfsemi á meðan menningarmálanefnd gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun í málefnum þeirra og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Menningarmálastjóri samhæfir störf þeirra og starfshætti og hefur eftirlit með starfsemi þeirra og árangri. Árið 2004 er annað árið sem menningarstofnanirnar starfa eftir nýjum samþykktum sem skerpt hafa hlutverk þeirra og stöðu. Stofnanirnar hafa hver um sig sín leiðarljós og markmið sem kallast á við lög, stefnur Reykjavíkurborgar og samþykktir viðkomandi stofnunar.

**Leiðarljós Borgarbókasafns Reykjavíkur:**
Borgarbókasafn Reykjavíkur standi jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum heimsins hvað varðar búnað og þjónustu og efli menningu í alþjóðlegu umhverfi.

**Leiðarljós Borgarskjalasafns Reykjavíkur:**
Borgarskjalasafnið eflist sem miðstöð heimilda um sögu Reykjavíkur og Reykvíkinga og verði lifandi, fjölbreytt safn með metnaðarfullt starf, bæði á sviði menningar og stjórnsýslu. Safnið kenni Reykvíkingum að kynnast og meta fortíð sína.

**Leiðarljós Listasafns Reykjavíkur:**
Listasafn Reykjavíkur sinni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt, verði í öndvegi íslenskra listasafna og skapi sér orðstír á alþjóðlegan mælikvarða sem verðugur viðkomustaður allra unnenda samtímalistar.

**Leiðarljós Ljósmyndasafns Reykjavíkur:**
Ljósmyndasafn Reykjavíkur eflist sem ljósmyndasafn í alþjóðlegu samhengi og veki áhuga sem flestra á menningarlegu hlutverki ljósmyndarinnar.

**Leiðarljós Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs:**
Að vera uppbyggjandi, fræðandi, leiðandi á sínu sviði og skemmtilegt. Taka mið af fjölbreyttu menningarsamfélagi borgarinnar og tryggja gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista.

**Leiðarljós Minjasafns Reykjavíkur:**
Minjasafn Reykjavíkur safnar, varðveitir og rannsakar menningarminjar í Reykjavík og miðlar þekkingu um sögu og lífskjör íbúa frá upphafi byggðar til líðandi stundar. Starf safnsins miðar að því að glæða áhuga, skilning og virðingu fyrir sögu Reykjavíkur og tryggja að allir hafi aðgang að menningararfi höfuðborgarinnar.

**Sjálfstæða listalífið**
Annað meginsvið menningarmála er samstarf og stuðningur við frjálsa listalífið í borginni og framlag til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Árið 2005 verða þrjár síðasttöldu stofnanirnar ekki lengur bundnir liðir á fjárhagsáætlun heldur óbundnir og málefni þeirra færast til menningarmálanefndar frá borgarráði.

**Önnur starfsemi**.
Skrifstofa menningarmála sinnir jafnframt samvinnu borgarinnar við aðra aðila á sviði menningarmála, bæði innlendis og erlendis.

Menningarstefna borgarinnar hefur ekki breyst síðan árið 2003 en nokkur nýmæli hafa orðið á sviði menningarmála Reykjavíkurborgar sem hafa áhrif til frambúðar eins og lesa má um í lið 1.3. Nýmælin eru árangur frumkvæðis menningarmálanefndar við að efla samstarf við frjálsa listalífið í borginni því til framdráttar. Brugðist hefur verið við breyttum þörfum listalífsins á nýjum tímum. Gildi sköpunar og frumkvæðis hefur aldrei verið meira á öllum sviðum þjóðlífsins og því mikils um vert að menningar- og listalífið njóti góðra starfsskilyrða. Menningarlífið hefur sífellt sterkari hlutverki að gegna við að styrkja sjálfsmynd okkar, hjálpa okkur til að skilja hver við erum og hvaða tilgang lífið getur haft.

# 1 Starfsáætlun menningarmála Reykjavíkurborgar

## 1.1 Stefna í menningarmálum

***Leiðarljós í menningarmálum***
Reykjavík eflist sem höfuðborg mennta og menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu, metnaðarfullu listalífi og fjölbreyttu mannlífi. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna.

**Meginmarkmið menningarstefnu Reykjavíkurborgar**

*Reykjavíkurborg stefnir að því að:*

- Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna
- Listalífið í borginni einkennist af þrótti og metnaði
- Menningarstofnanir borgarinnar gegni fjölþættu hlutverki sínu á framúrskarandi hátt
- Menning og listir séu aðgengilegar öllum borgarbúum
- Í borgarmyndinni sé sögu borgarinnar ávallt sýnd virðing og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi
- Menningarlífið í borginni einkennist af víðsýni og gagnkvæmri virðingu í samskiptum fólks af ólíkum uppruna
- Skipulag menningarmála sé skýrt og stjórnun þeirra markviss
- Menningarlífið í borginni stuðli að alþjóðlegum borgarbrag. Menningarstefna og menningarstofnanir borgarinnar vinni markvisst að því að í borginni verði mót ólíkra stefna og strauma með heimsborgarbrag

## 1.2 Breytingar á gjaldskrá

Vísað er til erindis til borgarráðs

## 1.3 Nýmæli og breytingar 2004 - 2005

Menningarstofnanir Reykjavíkurborgar eru sem fyrr framvarðarsveitin í þjónustu við borgarana á menningarsviðinu. Þær sinna hlutverki sínu með faglegu starfi á sviði þjónustu, miðlunar, fræða og varðveislu. Vísað er til hjálagðra starfsáætlana þeirra þar sem fram kemur kraftmikið starf, nýjungar og metnaðarfullar áætlanir. Vakin er þó sérstök athygli á nokkrum nýmælum þeirra hér fyrir neðan auk annarra er tengjast stuðningi við sjálfstæða listalífið.

- Straumhvörf hafa orðið á söfnunum með notkun á nýjustu tækni rafmiðlunar byggðri á gagnagrunnum og margmiðlun úr þeim. Hún eykur til muna möguleika á að nálgast og nýta menningarfinn gagnvirkt og segja því gestatölur safnanna aðeins hálfa sögu um þá þjónustu sem þau veita. Nýmæli í þessa veru á árinu 2004 eru myndabanki Ljósmyndasafns á vefnum sem jafnframt verður nýttur í gagnvirkt fræðslunet skólabarna árið 2005, skjalaskrár yfir safnkostinn á vef Borgarskjalasafns, fornleifaskrá í Borgarvefsjá á vegum Minjasafns og nýja bókasafnskerfið Gegnir. Þá má vekja athygli á farsímaleiðsögn Listasafns Reykjavíkur.
- Nýtt bókasafn, Ársafn, var opnað í ársbyrjun 2004 í hjarta Árbæjarhverfis.
- Í kjölfar samráðs við íbúa Seljahverfis var horfið frá lokun Seljasafns eftir opnun Ársafns, en þjónustu breytt og eru gestir safnsins ánægðir með breytingarnar.
- Forstöðumannaskipti verða á Listasafni Reykjavíkur 1. júlí 2005.
- Verkefnastjórn um menningarminjar við Aðalstræti var skipuð 2004. Hlutverk hennar er að vinna áætlun um sýningargerð í landnámsskála.
- Breytingar eru fyrirhugaðar á rekstrarfyrirkomulagi Viðeyjar. Nánari greinargerð í starfsáætlun Minjasafns.
- Menningarmiðstöðin Gerðuberg tók í gagnið Peocon talningakerfið 2004 við talningu gesta.
- Menningarmiðstöðin Gerðuberg undirritaði samstarfssamninga 2004 til 3ja ára við barnaspítala Hringsins um sýningahald, Garðyrkjufélag Reykjavíkur um fræðslu- og kynningarstörf og Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur um verkefnið Kynslóðir saman í Breiðholti.
- Fræðsluvefur með upplýsingum um það sem í boði er á menningarstofnunum Reykjavíkurborgar fyrir nemendur og skólahópa var opnaður á heimasvæði skrifstofu menningarmála á árinu 2004. Fyrirhugað er að efla þennan þátt frekar á árinu 2005, í samstarfi við einkarekna vefmiðla, og mun þetta verkefni koma í stað „Fræðsluvísisins" sem gefinn var út á árunum 2000 – 2002.

- Artótek – listhlaða var opnuð í aðalsafni Borgarbókasafns 2004. Um er að ræða samstarf Samtaka íslenskra myndlistarmanna og Borgarbókasafns Reykjavíkur um útlán á samtímamyndlist, með möguleika á kauprétti lánþega.
- Samhliða opnun Artóteks hófst samstarf menningarmálanefndar og KB banka hf. um vaxtalaus lán til almennings til kaupa á myndverkum samtímalistamanna í gegnum gallerí í Reykjavík.
- Menningarmálanefnd samþykkti nýjar reglur um afgreiðslu og fyrirkomulag styrkumsókna til nefndarinnar, sem tóku gildi 2004. Í reglunum er gert ráð fyrir fjárveitingum til sex þátta:

  1 Starfssamninga til þriggja ára
  2 Verkefna
  3 Almennrar liststarfsemi einstaklinga og hópa
  4 Tónlistarhóps Reykjavíkur
  5 Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar
  6 Borgarlistamanns

- Menningarmálanefnd stofnaði tengslasjóðinn Mugg 2004 í samvinnu við SÍM og Myndstef, sem ætlað er að styrkja myndlistarmenn sem þurfa að dvelja erlendis um tíma. Um er að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára.
- Menningarmálanefnd stofnaði einnig ferðasjóð í tengslum við Mugg, í samstarfi við SÍM, Höfuðborgarstofu, Icelandair og HF. Eimskipafélag Íslands. Ferðasjóðnum er ætlað að styrkja ferðir þeirra myndlistarmanna er njóta dvalarstyrkja úr Muggi.
- Fjöldi starfssamninga til þriggja ára var aukinn til muna í ársbyrjun 2004 og undirritaðir nýir við eftirtalda aðila: Caput, Kammersveit Reykjavíkur, Kammermúsikklúbburinn, Lúðrasveit Reykjavíkur, Lúðrasveit verkalýðsins, Lúðrasveitin Svanur, Tónskáldafélag Íslands v/Myrkra músíkdaga, Nýlistasafnið, i8 gallerí, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Möguleikhúsið, Vesturport, Sumarópera Reykjavíkur, Leikhópurinn Á senunni, Reykjavík Dancefestival, Heimilda- og stuttmyndahátíð í Reykjavík, Jazzhátíð Reykjavíkur, Kirkjulistahátíð í Reykjavík, Íslensk tónverkamiðstöð, Vox Feminae, Mozart hópurinn.
- Nýr samstarfssamningur borgarráðs við Bókmenntahátíð á tveggja ára fresti gildir frá 2004 til 2007.
- Gerður var 5 ára samningur um leigu, menningarstarfsemi og veitingarekstur í Iðnó við rekstraraðilann Iðnó ehf., í kjölfar útboðs á fyrri hluta ársins 2004.
- Menningarborgarsjóður lýkur starfsemi á árinu 2004.
- Listahátíð í Reykjavík verður haldin árlega frá árinu 2004, en hún hefur verið haldin annað hvort ár frá árinu 1970.
- Borgarráð samþykkti nýtt samkomulag Reykjavíkurborgar og Leikfélags Reykjavíkur 2004. Með samkomulaginu er leitast er við að styrkja þróttmikið leiklistarstarf LR og að nýta þetta fullkomnasta sviðslistahús landsins sem best til eflingar fjölbreyttu menningarlífi í Reykjavík. Í samkomulaginu er tryggð árleg aðkoma a.m.k. tveggja leikhópa utan leikhússins með sýningar og kveðið á um formlegt samstarf LR og menningarstofnana Reykjavíkurborgar. Veigamestu breytingarnar eru þær að skilgreind er ábyrgð samningsaðila á rekstri hússins og rekstrarframlag Reykjavíkurborgar til LR hækkað í áföngum. Þá tekur Reykjavíkurborg með samningnum við ýmsum rekstrarþáttum húseignarinnar. Með samkomulaginu er komið á fót hússtjórn Borgarleikhúss sem hefur eftirlit með rekstri húseignarinnar og leysir af hólmi samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og LR. Hússtjórnin skal hlutast til um að nýting hússins verði sem best og að samþætting starfs LR og annars menningarlífs í borginni verði sem best verði á kosið.

## 1.4 Samhæft árangursmat

### *1.4.1 Kjörorð og velgengnisþættir stefnukorts menningarmála*

**Kjörorð**

- Menning og menntun
- Metnaðarfullt listalíf
- Lýðræðislegir stjórnunarhættir
- Góð nýting fjármuna
- Alþjóðlegur borgarbragur
- Jafnræði og aðgengi
- Mannvænt umhverfi

**Velgengnisþættir**

**Þjónusta**

- Menningarstofnanir borgarinnar gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt
- Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna
- Markviss stuðningur við menningu og listsköpun borgarbúa
- Áhersla á aðgengi og þátttöku allra þjóðfélagshópa að/í menningu og listum
- Reykjavík sé alþjóðleg borg þar sem menningarleg sérstaða hennar nýtur sín

**Fjármál**

- Tryggja góða nýtingu og stýringu fjármuna
- Stuðla að verðmætasköpun
- Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða

**Verklag**

- Tryggja góða og skilvirka þjónustu sem einfalt er að nálgast
- Tryggja skýrar og skilvirkar ábendingaleiðir
- Tryggja upplýsingaflæði til borgarbúa, samstarfsaðila og starfsmanna
- Tryggja aðgengilega og gegnsæja stjórnsýslu

**Mannauður**

- Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi og starfsánægju
- Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi
- Efla þekkingu, nýsköpun og frumkvæði
- Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma

**Reykjavík er alþjóðleg borg þar sem lífsgæðum, óskum og þörfum borgarbúa er skipað í öndvegi.**

***Reykjavík eflist sem höfuðborg mennta og menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu, metnaðarfullu listalífi og fjölbreyttu mannlífi. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna.***

**Kjörorð (strategic themes):**

*Menning og menntun, metnaðarfullt listalíf, lýðræðislegir stjórnunarhættir, góð nýting fjármuna, alþjóðlegur borgarbragur, jafnræði og aðgengi, mannvænt umhverfi.*



### *1.4.3 Skorkort*

## Skorkort menningarmála Reykjavíkur 2005

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **01 Þjónusta** | | | | |
| 01 Menningarstofnanir gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt | 01. Aðsókn að stofnunum, í þús. | 1.063 | 1.049 | 1.056 |
| | 02. Ánægja með starfsemi menningarstofnana | 81% | 91% | 91% |
| | 03. Fjöldi menningarviðburða á vegum menningarstofnana borgarinnar | 128 | 111 | 112 |
| 02 Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna | 01. Fjöldi menningarviðburða fyrir börn og fjölskyldur | 280 | 236 | 237 |
| | 02. Ánægja með menningarstarf fyrir börn og fjölskyldur | * | 76% | 80% |
| | 03. Fjöldi heimsókna skólabarna og barna í tómstundastarfi | 19.791 | 20.650 | 20.550 |
| 03 Markviss stuðningur við menningu og listsköpun borgarbúa | 01. Ánægja faghópa | * | * | * |
| 04 Áhersla á aðgengi og þátttöku allra þjóðfélagshópa að/í menningu og listum | 01. Framboð kynningarefnis á erlendum tungumálum | 28 | 27 | 24 |
| | 02. Aðgengi fatlaðra og leiðsögn fyrir sjón- og heyrnarskerta | 10 | 11 | 14 |
| | 03. Fjöldi menningarviðburða með þátttöku nýbúa | 4 | 5 | 5 |
| | 04. Styrkir til fjölmenningarlegra viðburða | * | * | * |
| 05. Reykjavík sé alþjóðleg borg þar sem menningarleg sérstaða hennar nýtur sín | 01. Þátttaka í alþjóðlegum viðburðum á vegum borgarinnar | * | * | * |
| | 02. Þátttaka í faglegu samstarfi erlendis | * | * | * |
| | 03. Fjöldi verkefna sérstaklega eru sniðin að þörfum erl. gesta | * | * | * |
| | 04. Fjöldi verkefna sem koma ísl. listam./fagfólki á framfæri erl. | * | * | * |
| | 05. Fjöldi innlendra verkefna sem hafa alþjóðleg tengsl | * | * | * |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **02 Fjármál** | | | | |
| 01 Tryggja góða og hakvæma-nýtingu og stýringu fjármuna | 01. Kostnaðaráætlun vs. raun | 101% | 103% | 100% |
| | 02. Tekjuáætlun vs. raun | 104% | 108% | 100% |
| | 03. Frávik frá rekstraráætlun | 0% | 2% | 0% |
| 02 Stuðla að verðmætasköpun | 01. Mælikvarði í þróun | * | * | * |
| 03 Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða | 01. Kostnaður pr. gest (brúttó)* | 1.111 | 1.261 | 1.248 |
| | 02. Sértekjur pr. gest | 101 | 100 | 97 |
| | 03. Kostnaður á einingu/borgarbúa (nettó)* | 9.790 | 10.660 | 10.552 |

*án innri leigu

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **03 Verklag** | | | | |
| 01 Tryggja góða og skilvirka þjónustu sem einfalt er að nálgast | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með þjónustu | 80% | 90% | 90% |
| | 02. % viðskiptavina sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna | 86% | 90% | 90% |
| | 03. % viðskiptavina sem telur sig fá hraða/skilvirka þjónustu | 74% | 87% | 90% |
| | 04. Framfylgni þjónustusamninga | * | 90% | 90% |
| 02 Tryggja skýrar og skilvirkar ábendingaleiðir | 01. % skilgreindra vinnuferla yfir meginþætti starfsins | * | 30% | 35% |
| | 02. % starfsmanna með aðgang að skilgreindum ferlum | * | 79% | 80% |
| 03 Tryggja upplýsingaflæði til borgarbúa, samstarfsaðila og starfsmanna | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með upplýsingagjöf á heimasíðu | 32% | 67% | 70% |
| | 02. % starfsmanna sem telur sig fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan síns vinnustaðar og snertir starf þeirra | 70% | 72% | 75% |
| | 03. % erindisferla sem eru aðgengilegir á heimasíðu | * | 17% | 20% |
| 04 Tryggja einfalda og gegnsæja stjórnsýslu | 01. % erinda sem berast með rafrænum hætti | * | 17% | 20% |
| | 02. % umsókna sem hægt er að senda inn og afgreiða rafrænt | * | 50% | 60% |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **04 Mannauður** | | | | |
| 01 Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi | 01. % ánægðra með starf sitt | 84% | 90% | 90% |
| | 02. % ánægðra með vinnuaðstöðu | 80% | 77% | 80% |
| | 03. % starfsmanna sem telur að starfsandinn sé góður | 76% | 82% | 85% |
| | 04. % starfsmanna sem eru ánægðir með laun sín miðað við laun fyrir sambærileg störf annars staðar | 18% | 15% | 20% |
| | 05. % starfsmanna sem hafa starfað lengur en 3 ár | * | 71% | 71% |
| 02 Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi | 01. % starfsmanna sem telur samvinnu við samstarfsmenn góða | 80% | 87% | 90% |
| | 02. % starfsm. sem telur auðvelt að samræma starf og fjölskyldulíf | 82% | 88% | 90% |
| 03 Stuðla að Jafnræði og jafnrétti | 01. % karla/kvenna í stjórnunarstöðum | * | * | * |
| 04 Efla þekkingu og frumkvæði starfsfólks | 01. % starfsmanna sem fara í árlegt starfsmannasamtal | 73% | 56% | 60% |
| | 02. % starfsmanna sem tekur þátt í árlegri símenntunaráætlun | 27% | 34% | 40% |
| | 03. % starfsm. sem telur að tillit sé tekið til hugm. þeirra varðandi starf sitt | 50% | 54% | 60% |
| | 04. % starfsmanna sem upplifir starfsþróun | 53% | 58% | 60% |
| 05 Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma | 01. % starfsmanna sem telur að hæfni þeirra nýtist í starfi | 71% | 78% | 80% |

*ekki mælt eða mælikvarði í þróun

## 1.5 Fjárhagsáætlun

### *1.5.1 Yfirlitstölur*

**Tafla 1-1 Yfirlitstölur menningarmála Reykjavíkur 2003 - 2005**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | **Ársreikningur 2003** | **Upphafleg áætlun 2004** | **Endursk. áætl. 2004** | **Útkomuspá 2004** | **Áætlun 2005** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | | |
| óbundnir liðir | 107.033 | 96.222 | 96.222 | 105.023 | 100.870 |
| bundnir liðir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Gjöld** | | | | | |
| óbundnir liðir | 869.826 | 918.738 | 937.561 | 979.503 | 1.295.385 |
| bundnir liðir | 347.395 | 339.995 | 340.008 | 340.008 | 10.300 |
| **Innri leiga** | 336.740 | 343.138 | 343.138 | 343.138 | 359.852 |
| **Ráðstafað samtals** | **1.446.928** | **1.505.649** | **1.524.485** | **1.557.626** | **1.564.667** |
| (Ráðstöfun afgangs) / greiðsla halla | | 0 | | | 10.772 |
| **Framlag borgarsjóðs / áætlun ársins** | **1.446.928** | **1.505.649** | **1.524.485** | | **1.575.439** |
| Flutt frá fyrra ári | | 4.829 | 4.829 | | -28.312 |
| **Til ráðstöfunar** | | **1.510.478** | **1.529.314** | | **1.547.127** |

### *1.5.2 Spá um rekstrarumfang 2006 – 2008*

**Tafla 1-2 Þriggja ára áætlun menningarmála Reykjavíkur 2003 - 2005**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | **2005** | **2006** | **2007** | **2008** |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | |
| óbundnir liðir | 100.870 | 100.870 | 100.870 | 100.870 |
| bundnir liðir | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Gjöld** | | | | |
| óbundnir liðir | 1.295.385 | 1.299.157 | 1.301.075 | 1.301.157 |
| bundnir liðir | 10.300 | 10.300 | 10.300 | 10.300 |
| **Innri leiga** | 359.852 | 359.852 | 359.852 | 359.852 |
| **Ráðstafað samtals** | **1.564.667** | **1.568.439** | **1.570.357** | **1.570.439** |
| (Ráðstöfun afgangs) / greiðsla halla | 10.772 | 7.000 | 5.082 | 5.000 |
| **Framlag borgarsjóðs / áætlun ársins** | **1.575.439** | **1.575.439** | **1.575.439** | **1.575.439** |
| Flutt frá fyrra ári | -28.312 | -17.540 | -10.540 | -5.458 |
| **Til ráðstöfunar** | **1.547.127** | **1.557.899** | **1.564.899** | **1.569.981** |

### *1.5.3 Lykiltölur*

**Tafla 1-3 Lykiltölur menningarmála Reykjavíkur**

| | 2002 | 2003 | Útkomuspá 2004 | Áætlun 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **Þjónusta** | | | | |
| Gestafjöldi samtals, í þús. | 1.028 | 1.063 | 1.049 | 1.056 |
| Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum | 21.630 | 19.791 | 20.650 | 20.550 |
| Fjöldi heimsókna pr. íbúa | 9,14 | 9,37 | 9,18 | 9,17 |
| Fjöldi útlána Borgarbókasafns, í þús. | 1.325 | 1.335 | 1.200 | 1.300 |
| **Starfsmenn** | | | | |
| Fastráðinn ársverk | 138 | 138 | 145 | 143 |
| Lausráðin ársverk | 16 | 13 | 14 | 13 |
| Ársverk samtals | 154 | 151 | 159 | 156 |
| Hlutfall karla í störfum | 37% | 31% | 26% | 25% |
| Hlutfall kvenna í störfum | 63% | 69% | 74% | 75% |
| Fjöldi karla í störfum embættismanna | 2 | 1 | 1 | 1 |
| Fjöldi kvenna í störfum embættismanna | 5 | 6 | 6 | 6 |
| | | | | |
| Íbúafjöldi í Reykjavík, í þús. | 112,5 | 113,4 | 114,3 | 115,2 |

### *1.5.4 Rekstraryfirlit*

**Tafla 1-4 Samandregið rekstraryfirlit menningarmála Reykjavíkur**

| Fjárhæðir í þús. kr. | Reikningur 2003 | Áætlun 2004 | Endursk. áætl. 2004 | Útk.spá 2004 | Frumvarp 2005 Gjöld | Tekjur | Mism. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórn menningarmála | 37.580 | 24.643 | 24.944 | 24.990 | 27.061 | 0 | 27.061 |
| Menningarstofnanir | 800.478 | 861.574 | 880.096 | 910.008 | 987.742 | 100.870 | 886.872 |
| Ýmis menningarstarfsemi | 261.475 | 279.437 | 279.437 | 282.619 | 651.206 | 0 | 651.206 |
| **Óbundnir liðir samtals** | **1.099.533** | **1.165.654** | **1.184.477** | **1.217.617** | **1.666.009** | **100.870** | **1.565.139** |
| **Bundnir liðir samtals** | **347.395** | **339.995** | **340.008** | **340.008** | **10.300** | **0** | **10.300** |
| **Menningarmál samtals** | **1.446.928** | **1.505.649** | **1.524.485** | **1.557.625** | **1.676.309** | **100.870** | **1.575.439** |

**Tafla 1-5 Sundurliðað rekstraryfirlit menningarmála Reykjavíkur**

| Fjárhæðir í þús. kr. | Kostn.st. | Ársreikningur 2003 Mism. tekna og gjalda án innri leigu | Innri leiga | Samtals 2003 |
|---|---|---|---|---|
| **Óbundnir liðir** | | | | |
| **Stjórn menningarmála** | | | | |
| Menningarmálanefnd | 3100 | 17.711 | | 17.711 |
| Skrifstofa menningarmála | 3110 | 16.715 | | 16.715 |
| Ófyrirséð | 3120 | 3.154 | | 3.154 |
| **Stjórn menningarmála samtals** | | **37.580** | **-** | **37.580** |
| **Menningarstofnanir** | | | | |
| Borgarbókasafn Reykjavíkur | 3200 | 313.619 | 48.162 | 361.781 |
| Listasafn Reykjavíkur | 3300 | 117.511 | 54.362 | 171.873 |
| Borgarskjalasafn Reykjavíkur | 3400 | 34.241 | 14.398 | 48.639 |
| Menningarmiðstöðin Gerðuberg | 3500 | 55.691 | 16.085 | 71.776 |
| Ljósmyndasafn Reykjavíkur | 3600 | 24.044 | 3.326 | 27.370 |
| Minjasafn Reykjavíkur | 3700 | 95.878 | 18.035 | 113.913 |
| Sjóminjasafn | 3703 | 5.126 | | 5.126 |
| **Menningarstofnanir samtals** | | **646.110** | **154.368** | **800.478** |
| **Ýmis menningarstarfsemi** | | | | |
| Leikfélag Reykjavíkur | 3101 | | | 0 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 3102 | | | 0 |
| Listahátíð í Reykjavík | 3105 | | | 0 |
| Norrænt samstarf | 3103 | 605 | | 605 |
| Starfslaun listmanna | 3112 | 4.327 | | 4.327 |
| Styrkir, samningar, viðurkenningar | 3113 | 55.000 | | 55.000 |
| Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar | 3114 | 3.990 | | 3.990 |
| Borgarlistamaður | 3115 | 1.009 | | 1.009 |
| Bókmenntaverðlaun Tómasar G. | 3116 | 1 | | 1 |
| Menningarnótt í miðborginni | 3119 | 82 | | 82 |
| Tengsl skóla og menningarstofnana | 3121 | 1.295 | | 1.295 |
| Safn (Péturs Arasonar) | 3130 | 0 | | 0 |
| Tjarnarbíó, Sjálfstæðu leikhúsin | 3135 | 0 | | 0 |
| Menningarborgarsjóður | 3136 | 8.000 | | 8.000 |
| Húsnæðisstyrkir til menningarmála | 3140 | 0 | 182.372 | 182.372 |
| Framlag til TRH | 3145 | 4.794 | | 4.794 |
| Landnámsskáli | 3710 | | | |
| **Ýmis menningarstarfsemi samtals** | | **79.103** | **182.372** | **261.475** |
| **Óbundnir liðir samtals** | | **762.793** | **336.740** | **1.099.533** |
| **Bundnir liðir** | | | | |
| Leikfélag Reykjavíkur | 3101 | 231.630 | | 231.630 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | 3102 | 80.370 | | 80.370 |
| Listahátíð í Reykjavík | 3105 | 13.000 | | 13.000 |
| Safn Péturs Arasonar | 3130 | 20.000 | | 20.000 |
| Framlag til TRH | 3145 | 0 | | 0 |
| Fornleifarannsókn í Aðalstræti | 3701 | 267 | | 267 |
| Fornleifaskráning á Kjalarnesi | 3702 | 2.128 | | 2.128 |
| **Bundnir liðir samtals** | | **347.395** | **-** | **347.395** |
| **Menningarmál samtals** | | **1.110.188** | **336.740** | **1.446.928** |

| Áætlun 2004 | | | | | Frumvarp 2005 | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Áætlun án innri leigu** | **Endursk. áætl. án innri leigu** | **Útk.spá án innri leigu** | **Innri leiga** | **Samtals 2004** | **Gjöld án innri leigu** | **Innri leiga** | **Tekjur** | **Mism.** |
| 4.385 | 4.385 | 4.390 | | 4.390 | 4.949 | | | 4.949 |
| 17.704 | 18.005 | 18.549 | | 18.549 | 18.498 | | | 18.498 |
| 2.554 | 2.554 | 2.051 | | 2.051 | 3.614 | | | 3.614 |
| **24.643** | **24.944** | **24.990** | **-** | **24.990** | **27.061** | **-** | **-** | **27.061** |
| 343.150 | 356.106 | 361.238 | 49.077 | 410.315 | 399.181 | 50.590 | 42.500 | 407.271 |
| 139.901 | 141.449 | 162.712 | 55.395 | 218.107 | 176.784 | 59.603 | 35.050 | 201.337 |
| 34.887 | 35.876 | 40.560 | 14.671 | 55.231 | 35.726 | 15.123 | 450 | 50.399 |
| 59.166 | 61.391 | 62.610 | 16.390 | 79.000 | 66.405 | 16.897 | 7.100 | 76.202 |
| 25.755 | 25.847 | 26.658 | 3.390 | 30.048 | 28.754 | 3.494 | 3.270 | 28.978 |
| 101.415 | 102.127 | 98.930 | 18.377 | 117.307 | 116.242 | 18.943 | 12.500 | 122.685 |
| | | | | 0 | | | | 0 |
| **704.274** | **722.796** | **752.708** | **157.300** | **910.008** | **823.091** | **164.651** | **100.870** | **886.872** |
| | | | | 0 | 249.000 | | | 249.000 |
| | | | | 0 | 85.200 | | | 85.200 |
| | | | | 0 | 33.000 | | | 33.000 |
| 280 | 280 | 300 | | 300 | 1.400 | | | 1.400 |
| 7.904 | 7.904 | 7.901 | | 7.901 | 0 | | | 0 |
| 55.316 | 55.316 | 59.500 | | 59.500 | 68.100 | | | 68.100 |
| 3.250 | 3.250 | 2.431 | | 2.431 | 0 | | | 0 |
| | | | | 0 | 0 | | | 0 |
| | | | | 0 | 0 | | | 0 |
| | | | | 0 | 0 | | | 0 |
| 1.300 | 1.300 | 1.100 | | 1.100 | 1.300 | | | 1.300 |
| 14.350 | 14.350 | 14.350 | | 14.350 | 14.709 | | | 14.709 |
| 3.200 | 3.200 | 3.200 | | 3.200 | 3.296 | | | 3.296 |
| 8.000 | 8.000 | 8.000 | | 8.000 | | | | 0 |
| | | | 185.837 | 185.837 | | 188.541 | | 188.541 |
| | | | | 0 | | | | 0 |
| | | | | | | 6.660 | | 6.660 |
| **93.600** | **93.600** | **96.782** | **185.837** | **282.619** | **456.005** | **195.201** | **-** | **651.206** |
| **822.517** | **841.340** | **874.480** | **343.137** | **1.217.617** | **1.306.157** | **359.852** | **100.870** | **1.565.139** |
| 211.796 | 211.796 | 211.796 | | 211.796 | | | | 0 |
| 82.699 | 82.699 | 82.699 | | 82.699 | | | | 0 |
| 32.000 | 32.000 | 32.000 | | 32.000 | | | | 0 |
| | | | | 0 | | | | 0 |
| 10.000 | 10.000 | 10.000 | | 10.000 | 10.300 | | | 10.300 |
| | | | | 0 | | | | 0 |
| 3.500 | 3.513 | 3.513 | | 3.513 | | | | 0 |
| **339.995** | **340.008** | **340.008** | **-** | **340.008** | **10.300** | **-** | **-** | **10.300** |
| **1.162.512** | **1.181.348** | **1.214.488** | **343.137** | **1.557.625** | **1.316.457** | **359.852** | **100.870** | **1.575.439** |

### *1.5.5 Rekstrarreikningur*

## Tafla 1-6 Rekstrarreikningur menningarmála Reykjavíkur

| | Ársreikn. 2003 | Áætlun 2004 | Endurskoðuð áætlun 2004 | Útkomuspá 2004 | Frumvarp 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| **TEKJUR** | | | | | |
| Þjónustutekjur .......................... | 109.767.563 | 96.222.000 | 96.222.000 | 104.748.000 | 100.870.000 |
| | **109.767.563** | **96.222.000** | **96.222.000** | **104.748.000** | **100.870.000** |
| **GJÖLD** | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld .......... | 466.624.000 | 500.532.000 | 519.353.000 | 519.060.000 | 515.369.000 |
| Vöru og þjónustukaup ............... | 311.435.000 | 281.763.000 | 281.776.000 | 337.360.000 | 300.993.000 |
| Skattar og önnur opinber gjöld . | 558.000 | 201.000 | 201.000 | 196.000 | 202.000 |
| Styrkir og framlög .................... | 419.093.000 | 427.615.000 | 427.615.000 | 430.828.000 | 462.553.000 |
| Annar rekstrarkostnaður .......... | 360.803.000 | 391.760.000 | 391.763.000 | 374.930.000 | 387.299.000 |
| | **1.558.513.000** | **1.601.871.000** | **1.620.708.000** | **1.662.374.000** | **1.666.416.000** |
| **Ráðstafað samtals** | **1.448.745.000** | **1.505.649.000** | **1.524.486.000** | **1.557.626.000** | **1.565.546.000** |
| Greiðsla halla | | | | | 9.893.000 |
| **Framlag borgarsjóðs** | | | | | **1.575.439.000** |

# 2 Starfsáætlanir menningarstofnana Reykjavíkurborgar

**2.1 Borgarbókasafn Reykjavíkur**
**2.2 Borgarskjalasafn Reykjavíkur**
**2.3 Listasafn Reykjavíkur**
**2.4 Ljósmyndasafn Reykjavíkur**
**2.5 Menningarmiðstöðin Gerðuberg**
**2.6 Minjasafn Reykjavíkur**

## 2.1 Borgarbókasafn Reykjavíkur

### *2.1.1 Inngangur*

Sparnaði um 1.5% eða tæpar 6 milljónir kr. á árinu 2005 verður mætt með því að árgjald fyrir fullorðna frá 18 til og með 66 ára verður hækkað úr 1000 kr. í 1200 kr. en það hefur verið óbreytt í þrjú ár. Þessi gjaldskrárbreyting ætti að auka tekjur um 2.5 milljónir kr.

Rétt er að geta þess að gjaldtöku fyrir útlán á tónlist var hætt í byrjun ársins 2004 og síðar á árinu var gjaldtaka vegna notkunar á nettölvum samræmd þannig að allir greiða sama gjald. Þetta var í samræmi við hugmyndir starfsmanna sem komu fram á árlegu málþingi í nóvember 2003 en þar var fjallað var um þjónustu safnsins. Tekjur ársins 2004 verða nokkru lægri en áætlað hafði verið og helgast það einkum af því að ekki var hægt að innheimta sektir eins stíft og venjulega þegar Gegnir var tekinn í notkun í apríl og einnig var útlánstími lengdur vegna lokunar safnsins.

Nokkur sparnaður næst einnig vegna breyttrar þjónustu safnsins í Seljahverfi en sú breyting sem gerð var í september 2004 hefur heppnast mjög vel og eru gestir safnsins ánægðir með hana þótt afgreiðslutími safnsins í viku hverri hafi verið styttur. Húsnæðið var tekið í gegn, innréttingum breytt, safnkostur grisjaður og er hann nú fjölbreyttari en áður og ætlaður fyrir allan aldur. Safnið er nú opið tvisvar í viku og eru alltaf tveir starfsmenn á vakt í stað eins áður. Bókabíll hefur nú viðkomu þrisvar í viku í Seljahverfi þar af tvisvar við bókasafnið á dögum sem safnið er ekki opið. Þessar breytingar voru gerðar í kjölfar almenns fundar meðal íbúa í Seljahverfi og síðan fundar með rýnihópi íbúa í júní. Sparnaður sem næst á árinu 2005 er áætlaður 2.4 milljónir kr.

Ársafn var opnað í febrúar í rúmgóðu og fallegu húsnæði í hjarta Árbæjarhverfis. Aðsókn hefur verið góð þótt safnið eigi nokkuð langt í land með að státa af aðsókn gamalgrónu safnanna. Viðkomustöðum bókabíls var breytt og fækkað í hverfinu en jafnframt fjölgað í öðrum hverfum eins og Grafarholti og Seljahverfi eins og áður sagði.

Tvær skýrslur um markaðsmál og þjónustu sem gerðar hafa verið nýlega með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna verða nýttar á næstu misserum til markaðsfærslu þjónustu. Heiti þessara skýrslna er „Innflytjendur og almenningsbókasöfn á höfuðborgarsvæðinu“ og „Opið hús. Menningarstofnanir Reykjavíkur í borgarsamfélagi nútímans. Eru þær opnar fyrir alla eða opnar fyrir suma?“ Seinni skýrslunni fylgja mjög ítarlegar upplýsingar úr rafrænni póstkönnun sem 751 svaraði. Einnig verða umræður og niðurstöður árlegs málþings starfsmanna safnsins 5. nóv. 2004 nýttar til markaðsfærslu.

Nýja bókasafnskerfið, Gegnir, gerir safninu kleift að taka upp sjálfsafgreiðslu og verður boðið upp á þá þjónustu í a.m.k. tveimur söfnum á árinu. Innleiðing nýrrar útgáfa Gegnis hefst í ársbyrjun og verður tekin í notkun haustið 2005. Sú útgáfa mun bæta útlánaþátt kerfisins til muna. Á árinu verður haldið áfram í samvinnu við önnur bókasöfn að bæta úr ágöllum í gagnagrunni Gegnis.

Algengt er erlendis að innheimtufyrirtæki innheimti vanskil (safnkosts og sekta) fyrir bókasöfn ef ekki tekst að innheimta þau innan ákveðins tíma. Hagkvæmni þessarar leiðar verður athuguð og e.t.v. tekin upp á árinu.

Safnið mun leggja sinn skerf til „Rafrænu Reykjavíkur“ með þátttöku í símaveri og verður meðal þjónustugátta fyrir Reykjavíkurborg. Í því felst að starfsmenn verða sérstaklega þjálfaðir til að veita gestum leiðsögn um vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is . Eftir sem áður liggur fjölbreytt kynningarefni frammi í söfnunum, bæði um Reykjavík almennt og viðkomandi hverfi.

Leigusamningur Foldasafns í Grafarvogskirkju rennur út árið 2008. Gert er ráð fyrir að safnið flytji þá í Spöngina en safnið á nú þegar frátekna lóð þar. Aðrar lausnir koma þó til greina eins og að byggð verði menningar- og þjónustumiðstöð hverfisins og yrði bókasafnið þar.

Börn á grunnskólaaldri í Reykjavík hafa undanfarin þrjú ár valið bestu bók ársins. Þátttaka hefur verið mjög góð. „Bókaverðlaun barnanna” fyrir bestu frumsömdu og bestu þýddu barnabókina hafa verið veitt við hátíðlega athöfn í aðalsafni á sumardaginn fyrsta. Nú eru bókasöfn um allt land tilbúin að vera með í vali á bestu barnabókinni árið 2005 og vonandi framvegis. Þessi verðlaunaveiting hefur reynst einföld aðferð til að hvetja börn til lestrar og er hluti af lestrarátaki safnsins meðal barna.

Unnið verður í samræmi við nýja stefnu um þjónustu safnsins í fjölmenningarlegu samfélagi.

Artótek – Listhlaða í Borgarbókasafni sem var opnað í ágúst 2004 hefur vakið mikla athygli. Listamenn í Sambandi íslenskra myndlistarmanna hafa tekið þessu fagnandi og öllum almenningi finnst þetta frábært framtak. Útlánin fyrstu mánuðina hafa samt sem áður ekki verið mikil. Raunar er það í samræmi við

reynsluna erlendis að það tekur sinn tíma að festa þessa nýjung í sessi. Safnið og Samband íslenskra myndlistarmanna munu halda ótrauð áfram með þetta tveggja ára tilraunaverkefni og leggja áherslu á kynningu sem víðast jafnt meðal einstaklinga og fyrirtækja.

Eins og undanfarin ár hafa 15 teymi sem vinna að ákveðnum starfsþáttum innan safnsins gert sínar starfsáætlanir fyrir árið 2005. Þessi teymi vinna saman þvert á skipurit safnsins og eru þau mjög mikilvæg í að skapa þann sveigjanleika sem er safninu nauðsynlegur til að vaxa og þrífast í síbreytilegu samfélagi.

Aðferðir *Þekkingarstjórnar* verða innleiddar. Þekking starfsmanna verður kortlögð með skipulegum hætti og lögð sérstök áhersla á jafningjafræðslu starfsmanna.

93 starfsmenn af rúmlega 100 starfsmönnum tóku þátt í árlegri starfsmannakönnun í október 2004. Segja má að niðurstöður séu bæði góðar og slæmar en 88.2 % starfsmanna eru mjög eða frekar ánægðir í starfi (6.5% hvorki né; 4.5% frekar óánægðir; 0% mjög óánægður) þrátt fyrir að aðeins 15% séu ánægðir með launin sín (70% mjög eða frekar óánægðir). Það virðist vera nokkur misbrestur á að starfsmenn komi nógu ört i starfmannasamtöl því aðeins 60.2% segjast hafa farið í starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum. Lögð verður áhersla á að bæta úr þessu.

Eftirtalið hefur áhrif á hlutverk, leiðarljós og markmið Borgarbókasafns:

 Lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
 Yfirlýsing Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn frá 1994.
 Stefnur Reykjavíkurborgar einkum starfsmannastefna, fjölmenningar- stefna, upplýsingastefna og menningarstefna.
 Samþykkt um Borgarbókasafn Reykjavíkur.

### *2.1.2 Hlutverk*

Borgarbókasafn Reykjavíkur er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar í samræmi við gildandi lög um almenningsbókasöfn.

### *2.1.3 Leiðarljós*

Borgarbókasafn Reykjavíkur standi jafnfætis bestu almenningsbókasöfnum heimsins hvað varðar búnað og þjónustu og efli menningu í alþjóðlegu umhverfi. *(Gildir til 2010).*

### *2.1.4 Meginmarkmið*

1. Borgarbókasafn sé aðgengilegt öllum borgarbúum

Leiðir:

- Bókasöfn og bókabíll myndi þjónustunet um borgina
- Afgreiðslutími henti vinnandi fólki
- Líkamlega fötluðum sé tryggt gott aðgengi og safnið bjóði heimsendingarþjónustu þeim sem ekki geta komið á safnið vegna fötlunar, öldrunar eða annarra aðstæðna
- Heimasíða safnsins sé ævinlega með greinargóðar og réttar upplýsingar um starfsemi safnsins
- Með gagnkvæmum þjónustusamningi Borgarbókasafns, Bókasafna Mosfellsbæjar og Seltjarnarness fái íbúar þessara sveitarfélaga betri aðgang og þjónustu en ella.

2. Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af daglegu lífi borgarbúa

Leiðir:

- Húsnæði sé aðlaðandi og vel við haldið
- Borgarbókasafn veiti einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum faglega upplýsingaþjónustu
- Í safninu séu aðgengilegar upplýsingar og kynningarefni um um líf og starf í Reykjavík. Gestir geti fengið aðstoð við leit á vef Reykjavíkurborgar. Í einstökum söfnum liggi frammi kynningar- og upplýsingaefni viðkomandi hverfis
- Borgarbókasafn sé hvarvetna markvisst kynnt sem vettvangur menningar, fræðslu og afþreyingar fyrir alla
- Boðið sé upp á dagskrár fyrir alla fjölskylduna

3. Starfsemi Borgarbókasafns einkennist af víðsýni og virðingu gagnvart fólki af ólíkum uppruna

Leiðir:

- Samstarf sé haft við Alþjóðahús í Reykjavík
- Teymi um þjónustu við nýbúa starfi innan bókasafnsins og ólík menning sé kynnt innan þess
- Safnkostur á erlendum tungumálum sé á boðstólum. Samstarf verði haft við önnur almenningsbókasöfn landsins um það hvernig staðið verði að framboði á efni sem fámennir hópar skilja

- Byggt verði upp alþjóðlegt barnabókasafn (með gjöfum) í samstarfi við aðra
- Boðið sé upp á dagskár sem höfða fólks af ólíkum uppruna

4. Heimsóknir í Borgarbókasafn séu hluti af menningaruppeldi barna og unglinga
Leiðir:
- Boðið sé upp á safnfræðslu skólanema og góð tengsl séu við skóla í Reykjavík
- Sögustundir fyrir lítil börn séu fastir vikulegir viðburðir og einnig sé boðið upp á aðra viðburði eins og t.d. brúðuleikhús og tónlist
- Boðið sé upp á sérstök námskeið eins og ritsmiðjur fyrir börn og unglinga
- Boðið sé upp á safnkost við hæfi barna og unglinga
- Lögð sé áhersla á lestrarhvatningu og upplýsingalæsi barna og unglinga

5. Íslenskar bókmenntir séu kynntar jafnt innan lands og utan

Leiðir:
- Bókmenntavefurinn, bokmenntir.is og litteratur.is, sem kynnir íslenska rithöfunda samtímans á íslensku og ensku sé haldið stöðugt við
- Haldnar verði dagskrár sem tengjast bókmenntum og samstarf haft við aðra t.d. varðandi bókmenntahátíðir og kynningu á samtímabókmenntum
- Kynntar verði íslenskar bókmenntir í safninu og eftirspurn almennings eftir íslenskum skáldritum fullnægt
- Safnið taki þátt í menningartengdri ferðaþjónustu með því að kynna íslenskar bókmenntir fyrir erlendum ferðamönnum
- Sögustaðir bókmennta í Reykjvík merktir

6. Safnkostur uppfylli óskir og þarfir viðskiptavina

Leiðir:
- *Safnkostur uppfylli ítrustu kröfur um gæði og fjölbreytni bæði hvað varðar efni (fræðsluefni, skáldskap) og form (prentað, rafrænt). Safnkostur miðist við almenning á öllum aldri. Við val á safnkosti sé tekið sérstakt tillit til þarfa fatlaðra*
- *Stærsti hluti safnkostsins sé til útláns en aðstaða sé í safninu til að nýta annað efni t.d. á Netinu*
- Starfsmenn kappkosti að fylgjast vel með útgáfu innan lands og utan. Almenn þátttaka starfsmanna í vali á safnkosti stuðli að fjölbreytni
- Viðskiptavinir geti lagt fram tillögur um kaup á safnefni
- Sérfræðingar verði fengnir til aðstoðar við val á safnefni

7. Borgarbókasafn hafi á að skipa ánægðum og hæfum starfsmönnum sem sinni störfum sínum á framúrskarandi hátt

Leiðir:
- Sameiginleg fræðsla fyrir alla starfsmenn sé reglubundin og þeir hvattir til einstaklingsbundinnar símenntunar við hæfi. Nýliðar fái góða leiðsögn og þjálfun
- Starfsmenn fái tækifæri til að fara í vistaskipti og stunda fræðilegar rannsóknir og nám sem tengist starfsemi safnsins
- Starfsmenn hafi áhrif á störf sín eftir því sem við verður komið og geti samræmt einkalíf og starf
- Starfsmannahandbók tryggi að starfsmenn sinni störfum sínum af öryggi og fagmennsku. Verkferlar séu skráðir
- Starfsmenn séu ánægðir í starfi og starfsmannavelta lág

8. Starfsemi Borgarbókasafns sé lýðræðisleg og opin og starfsmenn hafi áhrif á hana
Leiðir:
- Þátttaka starfsmanna í hópvinnu og fundum sé almenn og þeir setji þannig sameiginlegt mark á starfsemi og stefnu safnsins
- Innra upplýsingakerfi safnsins sé fullnægjandi og starfsmenn eigi greiðan aðgang að yfirmönnum
- Fundargerðir og annað er varðar starfsemi safnsins séu öllum starfsmönnum aðgengilegar
- Póstlistar séu starfræktir, bæði sameiginlegur fyrir Borgarbókasafn og einnig fyrir einstök söfn

9. Fjármunum sé vel varið
Leiðir:
- *Rekstrarkostnaði sé haldið innan ramma*
- *Rekstrarkostnaður sé samanburðarhæfur við bestu almenningsbókasöfn á Norðurlöndunum*
- *Þjónustusamningar séu yfirfarnir með reglulegu millibili*
- *Velta safnkosts sé góð*

### 2.1.5 *Markmið 2005*

Starfsmenn

- Hafin verði innleiðing á aðferðum *Þekkingarstjórnar „Knowledge Management“.*
- Innra upplýsingakerfi safnsins verði skipulagt.
- Þekking starfmanna verði kortlögð í nýju starfsmannakerfi.
- Áhersla verði lögð á jafningjafræðslu og þjálfun þjálfara.
- Leitað verði leiða til að starfsmenn geti unnið vel úr símenntun sinni og miðlað til samstarfsmanna sinna.

Vinnuferlar

- Vinnuferlar verði skráðir og yfirfarnir árlega.

Þjónusta

- Sjálfsafgreiðsluvélar verði settar upp í tveimur söfnum.
- Ný útgáfa af bókasafnskerfinu Gegni verði tekin í notkun. Gagnagrunnur Gegnis verði bættur í samvinnu við önnur bókasöfn.
- Safnið taki þátt í verkefninu „Rafræna Reykjavík” og aðstoði borgarana í upplýsingaleit á vef borgarinnar. Þá tengist safnið nýstofnuðu símaveri borgarinnar.
- Unnið verði í samræmi við nýja stefnu safnsins um þjónustu í fjölmenningarlegu samfélagi.
- Unnið verði í samræmi við áætlun um upplýsingalæsi og lestrarhvatningu frá fæðingu til 15 ára aldurs.
- Á Reykjavíkurtorgi í aðalsafni verði haldnir opnir fundir um það sem efst er á baugi í þjóðlífinu; - hitamál sem varða almenning í borginni.

Fjármál

- Launakostnaður, sem hlutfall af rekstrarkostnaði, verði ekki það hár að hann komi niður á starfsemi og þjónustu safnins.
- Frávik frá rekstrarramma séu með því minnsta sem gerist hjá stofnunum Reykjavíkurborgar.
- Leitað verði nýrra leiða við innheimtu vanskila (safnkosts og sekta)
- Safnstjórar fylgist betur með fjármálum eigin safns með því að fá mánaðarlega yfirlit frá skrifstofu safnsins.

### 2.1.6 *Yfirlitstölur*

**Tafla 2-1 Yfirlitstölur Borgarbókasafns Reykjavíkur 2003 - 2005**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | **Ársreikningur 2003** | **Upphafleg áætlun 2004** | **Endursk. áætl. 2004** | **Útkomuspá 2004** | **Áætlun 2005** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | | |
| | 39.910 | 41.000 | 41.000 | 38.600 | 42.500 |
| **Gjöld** | | | | | |
| | 353.529 | 384.150 | 397.104 | 399.837 | 397.766 |
| **Innri leiga** | 48.162 | 49.077 | 49.077 | 49.077 | 50.590 |
| **Ráðstafað samtals** | **361.781** | **392.227** | **405.181** | **410.314** | **405.856** |
| (Ráðstöfun afgangs) / greiðsla halla | | | | | 1.415 |
| **Framlag borgarsjóðs / áætlun ársins** | **361.781** | **392.227** | **405.181** | | **407.271** |
| Flutt frá fyrra ári* | | 3.718 | 3.718 | | -1.415 |
| **Til ráðstöfunar** | | **395.945** | **408.899** | | **405.856** |

* Halli í lok árs 2004 kr. 1.415 þús. tilkominn vegna stofnunar og starfsemi Artóteks.

### 2.1.7 *Þriggja ára áætlun*

**Tafla 2-2 Þriggja ára áætlun Borgarbókasafns Reykjavíkur 2006 - 2008**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | **2005** | **2006** | **2007** | **2008** |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | |
| | 42.500 | 42.500 | 42.500 | 42.500 |
| **Gjöld** | | | | |
| | 397.766 | 399.181 | 399.181 | 399.181 |
| **Innri leiga** | 50.590 | 50.590 | 50.590 | 50.590 |
| **Framlag borgarsjóðs** | **405.856** | **407.271** | **407.271** | **407.271** |
| (Ráðstöfun afgangs) / greiðsla halla | 1.415 | | | |
| **Framlag borgarsjóðs / áætlun ársins** | **407.271** | **407.271** | **407.271** | **407.271** |
| Flutt frá fyrra ári | -1.415 | | | |
| **Til ráðstöfunar** | **405.856** | **407.271** | **407.271** | **407.271** |

### 2.1.8 *Lykiltölur*

**Tafla 2-3 Lykiltölur Borgarbókasafns Reykjavíkur**

| **Þjónusta** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** |
|---|---|---|---|---|
| Gestafjöldi | 660.000 | 651.268 | 650.000 | 660.000 |
| Fjöldi heimsókna á íbúa | 5.9 | 5.7 | 5.7 | 5.8 |
| | | | | |
| Safnkostur | 491.109 | 476.377 | 490.000 | 490.000 |
| Velta safnkosts – útlán á eintak | 2.7 | 2.8 | 2.4 | 2.4 |
| Velta safnkosts - tónlist (eingöngu) – útlán á eintak | 4.5 | 4.5 | 4.5 | 4.5 |
| Tölvur fyrir gesti | 60 | 60 | 64 | 64 |
| Fjöldi íbúa um tölvu | 1.874 | 1.890 | 1.772 | 1.772 |
| Safnkostur á íbúa | 4.3 | 4.2 | 4.3 | 4.3 |
| Afgreiðslustundir safnanna og bókabíls á viku | 342 | 343 | 366 | 366 |
| Afgreiðslustundir samstarfssafnanna í Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi á viku | 76 | 81 | 81 | 81 |
| Fjöldi bygginga í rekstri | 6 | 6 | 7 | 7 |
| Heildarhúsnæði i fermetrum - brútto | 6.175 | 6.175 | 6.726 | 6.726 |
| Bókabíll | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Fastir viðkomustaðir bókabíls | 36 | 36 | 36 | 36 |
| | | | | |
| Útlán | 1.324.730 | 1.335.283 | 1.200.000 | 1.300.000 |
| Útlán til skipa | 26 | 24 | 26 | 26 |
| Útlán til stofnana | 4 | 3 | 4 | 4 |
| Bókin heim. Fjöldi notenda | 74 | 71 | 80 | 80 |
| Útlán á íbúa | 11.8 | 11.8 | 10.6 | 11.5 |
| Kostnaður (framlag mínus tekjur) á útlán - | 226 | 231 | 285 | 268 |
| | | | | |
| Fjöldi viðburða | 207 | 247 | 210 | 210 |
| Skólanemar í skipulögðum heimsóknum | 1265 | 1200 | 1300 | 1300 |

| Fjármál | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
| Rekstrarkostnaður (framlag mínus tekjur) - þús. kr. | 296.087 | 308.927 | 342.453 | 348.453 |
| Rekstrarkostnaður á íbúa - " - | 2.632 | 2.724 | 3.020 | 3.073 |
| Rekstrarkostnaður á gest - " - | 449 | 474 | 526 | 527 |
| Sértekjur í þús. kr. | 41.517 | 39.910 | 40.000 | 41.000 |
| Sértekjur á gest | 63 | 61 | 63 | 62 |

| Starfsmenn | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|
| Ársverk | 79 | 77 | 84 | 83,5 |
| Hlutfall karla | 16% | 20% | 19% | 19% |
| Hlutfall kvenna | 84% | 80% | 81% | 81% |
| Karlar í forstöðumanna og sviðstjórastörfum | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Konur í forstöðumanna og sviðstjórastörfum | 1 | 1 | 1 | 1 |

### *2.1.9 Breytingar á þjónustu og rekstri*

Tekin verður upp sjálfsafgreiðsla.
Söfnin verða skilgreind sem þjónustugáttir fyrir Reykjavíkurborg.
Árgjald fyrir fullorðna (frá 18 ára til og með 66 ára) verður hækkað í 1200 kr.
Artótek – Myndhlaða í Borgarbókasafni verður starfrækt sem tilraunaverkefni ásamt vef, www.artotek.is .

### *2.1.10 Rekstraryfirlit*

**Tafla 2-4 Rekstraryfirlit Borgarbókasafns Reykjavíkur**

| Fjárhæðir í þús. kr. | kostn.st. | Reikningur 2003 | Áætlun 2004 | Endursk. áætl. 2004 | Útkomuspá 2004 | Frumvarp 2005 Gjöld | Tekjur | Mism. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skrifstofur | 03200 | 120.049 | 118.564 | 120.993 | 126.368 | 167.282 | 41.000 | 126.282 |
| Aðalsafn | 03201 | 85.167 | 85.806 | 90.217 | 90.174 | 90.565 | 0 | 90.565 |
| Kringlusafn | 03202 | 41.091 | 40.610 | 42.219 | 42.127 | 41.576 | 0 | 41.576 |
| Sólheimasafn | 03203 | 26.421 | 26.205 | 27.236 | 27.111 | 26.853 | 0 | 26.853 |
| Gerðubergssafn | 03205 | 41.626 | 41.288 | 42.924 | 43.640 | 43.317 | 0 | 43.317 |
| Seljasafn | 03206 | 6.125 | 6.141 | 6.524 | 6.584 | 3.815 | 0 | 3.815 |
| Foldasafn | 03207 | 29.354 | 30.405 | 31.112 | 30.461 | 31.247 | 0 | 31.247 |
| Ársasfn | 03208 | 0 | 31.111 | 31.111 | 29.536 | 30.238 | 0 | 30.238 |
| Bókabíll | 03251 | 11.948 | 12.099 | 12.847 | 12.608 | 12.459 | 0 | 12.459 |
| Artótek | 03209 | 0 | 0 | 0 | 1.707 | 2.418 | 1.500 | 918 |
| **Samtals** | | **361.781** | **392.227** | **405.181** | **410.315** | **449.771** | **42.500** | **407.271** |

### *2.1.11 Viðburðaáætlun*

**Tafla 2-5 Viðburðaáætlun Borgarbókasafns Reykjavíkur 2005**

**Stærri viðburðir eftir mánuðum**:
Febrúar: Vetrarhátíð.
Apríl: Vika bókarinnar. Bókaverðlaun barnanna afhent á Sumardaginn fyrsta
Ágúst: Menningarnótt í miðborginni.
September: Vika símenntunar.
Nóvember: Norræna bókasafnavikan.

**Minni viðburðir allt árið**:
Vikulegar sögustundir og ritsmiðjur barna og unglinga í öllum söfnum.
Viðburðir í einstökum söfnum, t.d. tónleikar, brúðuleikhús, heimsóknir listamanna.
Þátttaka í hverfahátíðum.
Í deiglunni. Hitamál á dagskrá á Reykjavíkurtorgi í Grófarhúsi.

### *2.1.12 Skorkort*

**Skorkort Borgarbókasafns Reykjavíkur 2005**

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **01 Þjónusta** | | | | |
| 01 Menningarstofnanir gegni hlutverki sínu á farmúrskarandi hátt | 01. Aðsókn/gestafjöldi | 651.268 | 650.000 | 660.000 |
| | 02. Ánægja með starfsemi Borgarbókasafnsins | 98% | 95% | 90% |
| | 03. Ánægja með afgreiðslutíma | 90% | 76% | 85% |
| | 04. Ánægja með safnkost | 89% | 81% | 85% |
| | 05. Fjöldi rannsóknarverkefna | 2 | 2 | 3 |
| | 06. Fjöldi stærri viðburða á ári | 6 | 6 | 6 |
| 02 Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna | 01. Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur | 247 | 210 | 210 |
| | 02. Hlutfall þeirra sem eru ánægðir með m.starf fyrir börn og fullorðna | 33% | 56% | 75% |
| | 03. Fjöldi heimsókna skólanema og barna í tómstundastarfi | 1.200 | 1.300 | 1.300 |
| 03 Markviss stuðningur við menningu og listsköpun borgarbúa | 01. Ánægja rithöfunda með starfsemi safnsins | * | 75% | 75% |
| | 02. Stuðningur við rithöfunda í þús. | 6.600 | 3.000 | 3.000 |
| | 03. Hlutfall Bókmenntavefjar, litteratur.is, sem þýddur er á ensku | 70% | 90% | 100% |
| | 04. Fjöldi rithöfunda á Bókmenntavef, bokmenntir.is | 100 | 100 | 110 |
| | 05. Ánægja rithöfunda með Bókmenntavef, bokmenntir.is | * | 75% | 80% |
| 04 Áhersla á aðgengi og þátttöku allra þjóðfélagshópa að/í menningu og listum | 01. Framboð kynningarefnis á erlendum tungumálum | 4 | 4 | 4 |
| | 02. Aðgengi fatlaðra | 1 | 1 | 1 |
| | 03. Þátttakendur í ritsmiðju ungra innflytjenda | * | * | * |
| | 04. Erlend tímarit - fjöldi titla | 310 | 315 | 315 |
| | 05. % aðfanga (nýr safnkostur) á erlendum málum (eintök) | 50% | 40% | 40% |
| 05. Reykjavík sé alþjóðleg-borg þar sem menningarleg sérstaða hennar nýtur sín | 01. Þátttaka í alþjóðlegum viðburðum á vegum borgarinnar | * | * | * |
| | 02. Þátttaka í faglegu samstarfi erlendis | * | * | * |
| | 03. Fjöldi verkefna sérstaklega eru sniðin að þörfum erl. gesta | * | * | * |
| | 04. Fjöldi verkefna sem koma ísl. Listam./fagfólki á framfæri erl. | * | * | * |
| | 05. Fjöldi innlendra verkefna sem hafa alþjóðleg tengsl | * | * | * |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **02 Fjármál** | | | | |
| 01 Tryggja góða og hagkvæma nýtingu og stýringu fjármuna | 01. % launakostnaður af rekstrarkostnaði | 63% | 66% | 63% |
| | 02. Útlagður kostnaður við innheimtu safnkosts versus heimtur | * | * | * |
| | 03. Frávik frá rekstraráætlun | 0% | 0% | 0% |
| 02 Stuðla að verðmætasköpun | 01. Velta safnkosts (hve oft hvert eintak lánast út) | 2,8 | 2,4 | 2,4 |
| 03 Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða | 01. Kostnaður á gest (framlag án sértekna)* | 474 | 526 | 527 |
| | 02. Kostnaður á útlán (framlag án sértekna) | 231 | 285 | 268 |
| | 03. Kostnaður á borgarbúa (framlag án sértekna)* | 2.724 | 3.020 | 3.073 |

* án innri leigu

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **03 Verklag** | | | | |
| 01 Tryggja góða og skilvirka þjónustu sem einfalt er að nálgast | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með þjónustu | 91% | 90% | 90% |
| | 02. % viðskiptavina sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna | 86% | 93% | 90% |
| | 03 % viðskiptavina sem telur sig fá hraða/skilvirka þjónustu | 81% | 90% | 90% |
| | 04. Framfylgni þjónustusamninga | 100% | 100% | 100% |
| 02 Tryggja skýrar og skilvirkar ábendingarleiðir | 01. % skilgreindra vinnuferla yfir meginþætti starfsins | 15% | | |
| | 02. % starfsmanna með aðgang að skilgreindum ferlum | 100% | 100% | 100% |
| 03 Tryggja upplýsingaflæði til borgarbúa, samstarfsaðila og starfsmanna | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með upplýsingagjöf á heimasíðu | 32% | 69% | 70% |
| | 02. % starfsmanna sem telur sig fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan síns vinnustaðar og snertir starf þeirra | 84% | 80% | 90% |
| | 03.% erindisferla sem eru aðgengilegir á heimasíðu | * | * | * |
| 04 Tryggja einfalda og gegnsæja Stjórnsýslu | 01.% erinda sem berast með rafrænum hætti | * | * | * |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **04 Mannauður** | | | | |
| 01 Stuðla að jákvæðu starfs-umhverfi | 01. % ánægðra með starf sitt | 85% | 88% | 90% |
| | 02. % ánægðra með vinnuaðstöðu | 81% | 76% | 80% |
| | 03. % starfsmanna sem telur að starfsandinn sé góður | 80% | 85% | 90% |
| | 04. % starfsmanna sem eru ánægðir með laun sín miðað við laun fyrir sambærileg störf annars staðar | 12% | 15% | 20% |
| | 05. % starfsmanna sem hafa starfað lengur en 3 ár | 70% | 70% | 70% |
| 02 Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi | 01. % starfsmanna sem telur samvinnu við samstarfsmenn góða | 83% | 89% | 90% |
| | 02. % starfsm. sem telur auðvelt að samræma starf og einkalíf | 84% | 88% | 90% |
| 03 Stuðla að jafnræði og jafnrétti | 01. % karla/kvenna í stjórnunarstöðum | 0/100 | 0/100 | 0/100 |
| 04 Efla þekkingu og frumkvæði starfsfólks | 01. % starfsmanna sem fara í árlegt starfsmannasamtal | 78% | 60% | 90% |
| | 02 % starfsmanna sem tekur þátt í árlegri símenntunaráætlun | 31% | 36% | 90% |
| | 03. % starfsm. sem telur að tillit sé tekið til hugm. þeirra varðandi starfsemina | 52% | 56% | 60% |
| | 04. % starfsmanna sem upplifir starfsþróun (þ.e.a.s lærir ný vinnubrögð og nýjar aðferðir, tekst á við ný og/eða breytt verkefni sem gefa þeim möguleika á að þroskast í starfi) | 55% | 61% | 65% |
| 05 Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma | 01. % starfsmanna sem telur að hæfni þeirra nýtist í starfi | 76% | 79% | 85% |

* mælikvarði í þróun

## 2.2 Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*2.2.1 Inngangur*

Borgarskjalasafn Reykjavíkur er héraðsskjalasafn Reykvíkinga. Hlutverk þess er lögbundið og gegnir það sama hlutverki gagnvart stofnunum Reykjavíkurborgar og Þjóðskjalasafn Íslands gagnvart ríkisstofnunum. Hlutverkið er skilgreint í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, reglugerð um héraðsskjalasöfn og samþykkt borgarstjórnar um Borgarskjalasafn frá 28. maí 2002.

Borgarskjalasafnið hélt upp á 50 ára afmæli sitt á árinu 2004 með afmælisráðstefnu, umfangsmikilli sýningu og opnun á nýjum efnismiklum vef.

Á starfsárinu 2005 mun safnið leggja aðaláherslu á skjalastjórn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og innra starf. Vegna manneklu hefur safnið þurft að forgangsraða á hverju ári áhersluverkefnum sem eru unnin auk hinna hefðbundnu verkefna safnsins. Á árinu 1999 flutti safnið í Tryggvagötu 15 og var mikil vinna því samfara, á árinu 2000 var lögð áhersla á menningarborgarverkefni, á árinu 2001 að fara út í borgarstofnanir og innkalla eldri skjöl og söfnun einkaskjalasafna, á árinu 2002 á að skrá innkomin skjöl og tæma eldri geymslur. Á árinu 2003 og 2004 var aukin áhersla að undirbúa leiðbeiningar fyrir borgarstofnunar um hvaða kröfur eru gerðar til skjalastjórnar þeirra og að undirbúningi þess að fara með skipulögðum hætti út í borgarstofnanir. Auk þess hefur safnið unnið mikið kynningarstarf með margvíslegum hætti, m.a. með fjölmörgum sýningum.

Borgarskjalasafnið hefur á síðustu árum þurft að fækka starfsmönnum um 30% vegna skorts á fjárveitingu í ramma fyrir geymsluhúsnæði og auknum rekstrarkostnaði í nýju húsnæði og er mannekla farin að há starfsemi safnsins. Safnið tók til bráðabirgða á leigu geymslu að Völuteig í Mosfellsbæ á árinu 2002 og tæmdi geymslur á Korpúlfsstöðum og Hólmaslóð. Leigan er tekin úr rekstrarramma, en safnið hefur enn ekki fengið fjárveitingu inn í ramma fyrir geymslu sem gert var ráð fyrir þegar eftir flutning í Tryggvagötu 15 á árinu 1999. Ófært er að safnið sé árum saman með bráðabirgðaleiguhúsnæði og nauðsynlega vantar fjárveitingu fyrir hillum í geymslur og til uppröðunar skjala í þær. Vegna geymsluástands stefnir brátt í að ekki verði lengur hægt að taka við skjölum borgarstofnana, eins og safninu ber lagaleg skylda til.

Borgarstjóri skipaði þann 13. maí 2003 starfshóp til að fara yfir verkefni og stjórnsýslulegt hlutverk Borgarskjalasafnsins. Niðurstaða liggur ekki fyrir.

*2.2.2 Hlutverk*

- Að Borgarskjalasafn Reykjavíkur uppfylli skyldur sínar skv. lögum og reglugerðum um héraðsskjalasöfn og verði fyrirmynd annarra héraðsskjalasafna í starfsháttum og rekstri.
- Að safnkosturinn gefi heilstæða mynd af sögu Reykjavíkur og Reykvíkinga, sé vel skráður, aðgengilegur og þjónusta góð við þá sem leita að upplýsingum úr skjölunum.
- Að skjalavarsla borgarstofnana verði til fyrirmyndar fyrir önnur sveitarfélög.

*2.2.3 Leiðarljós*

Borgarskjalasafnið eflist sem miðstöð heimilda um sögu Reykjavíkur og Reykvíkinga og verði lifandi, fjölbreytt safn með metnaðarfullt starf, bæði á sviði menningar og stjórnsýslu. Safnið kenni Reykvíkingum að kynnast og meta fortíð sína.

*2.2.4 Meginmarkmið*

Að skjalavarsla stofnana og fyrirtækja uppfylli ákvæði upplýsingalaga og verði til fyrirmyndar fyrir önnur sveitarfélög.

*Leiðir m.a:*

- Gerð lýsingar á þeim kröfum sem gerðar eru til skjalastjórnar stofnana borgarinnar.
- Námskeið og kynningar fyrir stofnanir og fyrirtæki borgarinnar.
- Stofnanir verði aðstoðaðar og hvattar til þess að gera varðveisluáætlanir.

Að tryggja varðveislu heilstæðs safn skjala um Reykjavík og Reykvíkinga.

*Leiðir m.a:*

- Hafa eftirlit með skjalastjórn borgarstofnana.
- Skipulögð söfnun einkaskjalasafna.
- Undirbúa varðveislu upplýsinga borgarinnar á tölvutæku formi.

Að safnkostur Borgarskjalasafns sé vel skráður og aðgengilegur til rannsókna/notkunar.

*Leiðir m.a:*

- Gerð gagnagrunns fyrir heildarskrá safnsins.
- Eldri skjalaskrár færðar inn í tölvu og smám saman gerðar aðgengilegar á Interneti.
- Unnið áfram að staðsetningarskrá sem gefi yfirlit yfir safnið.

Að boðið sé upp á vandaða og skjóta þjónustu fyrir almenning og fræðimenn.

*Leiðir m.a:*

- Gerð þjónustukönnunar.
- Farið yfir afgreiðsluferli.
- Kynnt betur pöntun skjala gegnum Internet.
- Efla vef safnsins, með fyllri upplýsingum og fleiri skrár á netið.

Að Borgarskjalasafn stuðli að rannsóknum á sögu Reykjavíkur og kynni sögu borgarinnar.

*Leiðir m.a:*

- Tvær sýningar á árinu; önnur þeirra höfði til ferðamanna.
- Þátttaka í Vetrarhátíð.
- Menningarnótt.
- Kynningar fyrir efri og lægri skólastig.
- Stefnt að því að senda sýningu frá safninu til útlanda til að kynna sögu borgarinnar.

*2.2.5 Markmið 2005*

- Efla skjalastjórn hjá borgarstofnunum, með fræðslu, námskeiðum og heimsóknum í stofnanir.
  *Kannað verði ástand skjalastjórnar hjá tíunda hluta borgarstofnana.*
- Halda áfram söfnum einkaskjalasafna og að koma skrám yfir þau á Internet.
  *75% af skrám yfir einkaskjalasöfn verði komnar á Internet í árslok 2004.*
  *A.m.k. 20 ný söfn verði móttekin á árinu.*
- Bæta þjónustu og upplýsingar á heimasíðu og kynningar á safninu.
  *Heimsóknum á heimasíðu fjöldi um 10% milli 2004 og 2005.*
- Halda áfram vinnu við skráningu safnkostsins.
  *Lokið verði skráningu á minnst 15.000 skjalaeiningum fyrir árslok 2005.*

***Almennir mælikvarðar fyrir markmið ársins 2005:***

- Könnun á ánægju gesta með afgreiðslu.
- Mælingar á skjalamagni, námskeiðsfjölda og gestafjölda.
- Kannað hlutfall þeirra sem ekki þekkja til þjónustu safnsins.
- Kanna ástand skjalavörslu hjá borgarstofnunum, borið saman við árið 1998.
- Könnun á ánægju starfsmanna og starfsumhverfi.
- Skorkort Borgarskjalasafns.

*2.2.6 Yfirlitstölur*

**Tafla 2-6 Yfirlitstölur Borgarskjalasafns Reykjavíkur 2003 - 2005**

| **Ár** | **Yfirlitstölur 2003** | **Endurskoðuð áætl. 2004** | **Útkomuspá 2004** | **Áætlun 2005** |
|---|---|---|---|---|
| Gjöld | 34.662 | 34.633 | 35.850 | 34.576 |
| Tekjur | -1.999 | -350 | -900 | -450 |
| Mismunur | 32.663 | 34.283 | 34.950 | 34.126 |
| Innri leiga | | 14.671 | 14.671 | 15.123 |
| Rekstrarráðstöfunarrammi | | 48.954 | 50.640 | 49.249 |
| Yfirfært frá sl. ári | | -164 | | 1.150*** |
| Lausafjárkaupáætl. | 2.600 | 1.593 | 4.699** | 920** |
| Fjárfesting á árinu | 1.248 | | 4.000 | |
| Staða í árslok | 1.352 | 4.699* | 699 | |

* Yfirfærðar kr. 3.106 þús frá fyrri árum, þar sem frestað var innkaupum kostnaðarsams búnaðar.
** Þarna hefur yfirfærsla frá fyrri árum verið lögð við áætlun sem var kr. 1.593 fyrir árið 2004. Lausafjárkaup 2005 innif. í áætlun
*** Yfirfærsla skiptist þannig: 699 þús. vegna lausafjárkaupa og -1.849 þús. vegna rekstrar

### 2.2.7 *Þriggja ára áætlun*

**Tafla 2-7 Þriggja ára áætlun Borgarskjalasafns Reykjavíkur 2006 - 2008**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | **2005** | **2006** | **2007** | **2008** |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | |
| óbundnir liðir | 450 | 450 | 450 | 450 |
| **Gjöld** | | | | |
| óbundnir liðir | 34.576 | 35.726 | 35.726 | 35.726 |
| **Innri leiga** | 15.123 | 15.123 | 15.123 | 15.123 |
| **Ráðstafað samtals** | **49.249** | **50.399** | **50.399** | **50.399** |
| (Ráðstöfun afgangs) / greiðsla halla | 1.150 | 0 | 0 | 0 |
| **Framlag borgarsjóðs / áætlun ársins** | **50.399** | **50.399** | **50.399** | **50.399** |
| Flutt frá fyrra ári | -1.150 | | | |
| **Til ráðstöfunar** | **49.249** | **50.399** | **50.399** | **50.399** |

### 2.2.8 *Lykiltölur*

**Tafla 2-8 Lykiltölur Borgarskjalasafns Reykjavíkur**

| ***Starfsmenn:*** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Ár** | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** |
| Starfsmenn | 7 | 7 | 7 | 7 |
| Stjórnendur | 1 | 1 | 1 | 1 |
| karlar | 0% | 0% | 0% | 0% |
| konur | 100% | 100% | 100% | 100% |
| Sérfræðingar | 4 | 4 | 4 | 4 |
| karlar | 50% | 50% | 50% | 50% |
| konur | 50% | 50% | 50% | 50% |
| Aðrir starfsmenn | 2 | 2 | 2 | 2 |
| karlar | 50% | 50% | 50% | 50% |
| konur | 50% | 50% | 50% | 50% |

| ***Aðrar upplýsingar:*** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** |
| Árleg aukning á skjalamagni | 403 | 340 | 300 | 300 |
| Fjöldi námskeiða f. borgarstofn. | 3 | 1 | 1 | 5 |
| Fjöldi skjalaafhendinga: | 94 | 110 | 110 | 100 |
| Fyrirspurnir á lesstofu | 1388 | 1620 | 1650 | 1680 |
| Fyrirspurnir í síma/internet | 488 | 526 | 600 | 650 |

*2.2.9 Breytingar á þjónustu og rekstri*

Minni áhersla verður lögð á sýningar og kynningarstarf, en meiri á skjalastjórn og innra starf.

*2.2.10 Samantekt*

Að lokum – Borgarskjalasafnið fékk Gallup til að vinna könnun fyrir sig í júní 2003. Hún sýndi að að vitneskja almennings um safnið hefur aukist jafnt og þétt, eða allt frá 19% á landsvísu árið 1998 til 31% árið 2003. Jafnframt hefur almenningur betri hugmyndir um hvaða þjónustu Borgarskjalasafnið veitir. Þetta sýnir sig ekki síst í aðsóknartölum, bæði á sýningar sem safnið hefur staðið fyrir sem og í afgreiðslu, þar sem flestir koma að leita að upplýsingum sem varða þá sjálfa. Næstu skref hjá safninu eru ekki síður mikilvæg, við að móta samræmdar reglur um skjalastjórn hjá stofnunum borgarinnar og efla þjónustu við þær.

*2.2.11 Rekstraryfirlit*

**Tafla 2-9 Rekstraryfirlit Borgarskjalasafns Reykjavíkur**

| | | | | | | **Frumvarp 2005** | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárhæðir í þús. kr. | kostn.st. | **Reikningur 2003** | **Áætlun 2004** | **Endursk. áætl. 2004** | **Útkomuspá 2004** | **Gjöld** | **Tekjur** | **Mism.** |
| Borgarskjalasafn Reykjavíkur | 03400 | 48.639 | 49.558 | 50.547 | 54.640 | 50.849 | 450 | 50.399 |
| **Samtals** | | **48.639** | **49.558** | **50.547** | **54.640** | **50.849** | **450** | **50.399** |

### *2.2.12 Skorkort*

## Skorkort Borgarskjalasafns Reykjavíkur 2005

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markm. 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **01 Þjónusta** | | | | |
| 01 Menningarstofnanir gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt | 01. Aðsókn að stofnunum | 15.000 | 20.000 | 20.000 |
| | 02. Ánægja með starfsemi Borgarskjalasafns | 75% | 81% | 85% |
| | 03. Fjöldi menningarviðburða á vegum Borgarskjalasafns | 10 | 12 | 12 |
| 02 Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna | 01. Fjöldi menningarviðburða fyrir börn og fjölskyldur | 10 | 4 | 4 |
| | 02. Ánægja með menningarstarf fyrir börn og fjölskyldur | * | 92% | 92% |
| | 03. Fjöldi heimsókna skólabarna og barna í tómstundastarfi | 726 | 850 | 850 |
| 03 Markviss stuðningur við menningu og listsköpun borgarbúa | 01. Ánægja faghópa | * | 80% | 80% |
| 04 Áhersla á aðgengi og þátttöku allra þjóðfélagshópa að/í menningu og listum | 01. Framboð kynningarefnis á erlendum tungumálum | 1 | 3 | 3 |
| | 02. Aðgengi fatlaðra og leiðsögn fyrir sjón- og heyrnarskerta | 1 | 2 | 2 |
| | 03. Þjónusta við íbúa Reykjavíkur af erlendum uppruna | 1 | 3 | 3 |
| 05. Skjalavarsla stofnana borgarinnar verði til fyrirmyndar og uppfylli upplýsingalög | 01. Námskeið fyrir borgarstofnanir | 0 | 5 | 5 |
| | 02. % stofnana með skjalavistunaráætlun | * | 1 | 1 |
| | 03. Fjölda stofnana leiðbeint | * | 8 | 8 |
| 06. Reykjavík sé alþjóðleg borg þar sem menningarleg sérstaða hennar nýtur sín | 01. Þátttaka í alþjóðlegum viðburðum á vegum borgarinnar | * | * | * |
| | 02. Þátttaka í faglegu samstarfi erlendis | * | * | * |
| | 03. Fjöldi verkefna sérstaklega eru sniðin að þörfum erl. gesta | * | * | * |
| | 04. Fjöldi verkefna sem koma ísl. listam./fagfólki á framfæri erl. | * | * | * |
| | 05. Fjöldi innlendra verkefna sem hafa alþjóðleg tengsl | * | * | * |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markm. 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **02 Fjármál** | | | | |
| 01 Tryggja góða og hakvæma-nýtingu og stýringu fjármuna | 01. Kostnaðaráætlun vs. raun | 105% | 111% | 100% |
| | 02. Tekjuáætlun vs. raun | 214% | 257% | 100% |
| | 03. Frávik frá rekstraráætlun | 3% | 11% | 0% |
| 02 Stuðla að verðmætasköpun | 01. Mælikvarði í þróun | * | * | * |
| 03 Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða | 01. Kostnaður pr. gest (brúttó)* | 2.317 | 2.000 | 1.800 |
| | 02. Sértekjur pr. gest | 50 | 45 | 23 |
| | 03. Kostnaður á einingu/borgarbúa (nettó)* | 302 | 296 | 304 |

*án innri leigu

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markm. 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **03 Verklag** | | | | |
| 01 Tryggja góða og skilvirka þjónustu sem einfalt er að nálgast | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með þjónustu | 84% | 81% | 85% |
| | 02. % viðskiptavina sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna | 96% | 84% | 85% |
| | 03. % viðskiptavina sem telur sig fá hraða/skilvirka þjónustu | 94% | 77% | 80% |
| | 04. Framfylgni þjónustusamninga | 0 | 3 | 3 |
| 02 Tryggja skýrar og skilvirkar ábendingaleiðir | 01. % skilgreindra vinnuferla yfir meginþætti starfsins | * | 40% | 40% |
| | 02. % starfsmanna með aðgang að skilgreindum ferlum | * | 70% | 70% |
| 03 Tryggja upplýsingaflæði til borgarbúa, samstarfsaðila og starfsmanna | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með upplýsingagjöf á heimasíðu | 37% | 58% | 60% |
| | 02. % starfsmanna sem telur sig fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan síns vinnustaðar og snertir starf þeirra | 20% | 60% | 60% |
| | 03. % erindisferla sem eru aðgengilegir á heimasíðu | 0% | 30% | 30% |
| 04 Tryggja einfalda og gegnsæja stjórnsýslu | 01. % erinda sem berast með rafrænum hætti | * | 6% | 6% |
| | 02. % umsókna sem hægt er að senda inn og afgreiða rafrænt | * | 40% | 40% |
| | 03. % einkaskjalasafna á Interneti | * | 90% | 90% |
| 05 Að safnið safni og varðveiti heilstætt safn skjala um Reykjavík og vel skráð og aðgangilegt | 01. % ánægja viðskiptavina með skjalaskrár | 51% | 58% | 58% |
| | 02. Fjöldi móttekinna einkaskjalasafna | 40 | 60 | 60 |
| | 03. % ánægja viðskiptavina með safnkostinn | 39% | 68% | 68% |
| | 04. Stuðlað að átthagakennd | 6 | 7 | 7 |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markm. 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **04 Mannauður** | | | | |
| 01 Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi | 01. % ánægðra með starf sitt | 60% | 100% | 100% |
| | 02. % ánægðra með vinnuaðstöðu | 100% | 80% | 80% |
| | 03. % starfsmanna sem telur að starfsandinn sé góður | 60% | 60% | 60% |
| | 04. % starfsmanna sem eru ánægðir með laun sín miðað við laun fyrir sambærileg störf annars staðar | 0% | 0% | 10% |
| | 05. % starfsmanna sem hafa starfað lengur en 3 ár | * | 71% | 71% |
| 02 Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi | 01. % starfsmanna sem telur samvinnu við samstarfsmenn góða | 60% | 80% | 80% |
| | 02. % starfsm. sem telur auðvelt að samræma starf og fjölskyldulíf | 100% | 100% | 100% |
| 03 Stuðla að jafnræði og jafnrétti | 01. % karla/kvenna í stjórnunarstöðum | 20/80 | 20/80 | 20/80 |
| 04 Efla þekkingu og frumkvæði starfsfólks | 01. % starfsmanna sem fara í árlegt starfsmannasamtal | 100% | 20% | 20% |
| | 02. % starfsmanna sem tekur þátt í árlegri símenntunaráætlun | 20% | 0% | 0% |
| | 03. % starfsmanna sem telur að tillit sé tekið til hugmynda þeirra varðandi starfsemina | 60% | 60% | 60% |
| | 04. % starfsmanna sem upplifir starfsþróun | 60% | 60% | 60% |
| 05 Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma | 01. % starfsmanna sem telur að hæfni þeirra nýtist í starfi | 60% | 60% | 60% |

## 2.3 Listasafn Reykjavíkur

### *2.3.1 Inngangur*

Árið 2004 stendur Listasafn Reykjavíkur að 24 sýningum í Hafnarhúsi, Ásmundarsafni og á Kjarvalsstöðum og tveimur erlendis. Auk þess hefur safnið hýst ýmsa stóra viðburði í samstarfi við aðra (s.s. myndbandasýningar, tónleikaröð o.fl.) og mikinn fjölda smærri sýninga, tónleika, fyrirlestra, málþinga og viðburða af ýmsu tagi. Fjöldi þeirra sem sóttu Listasafn Reykjavíkur árið 2003 taldi rúmlega 153.000, sem var umtalsverð aukning frá árinu á undan; eru horfum á að þessi tala haldi sér árið 2004.

Fyrsta sýning safnsins árið 2004 í Hafnarhúsinu var sýning á yfirliti verka Ólafs Elíassonar myndlistarmanns. Þessi sýning er stærsta sýningarverkefni safnsins um árabil og vakti mikla og verðskuldaða athygli erlendis, þar sem fjallað hefur verið um hana í fjölda tímarita og blaða víða um heim. Upphaflegt tímabil sýningarinnar var framlengt til að koma til móts við aðsóknina, til að nýta þannig betur þá miklu fjárfestingu sem lögð var í sýninguna, enda var sýningin geysilega vel sótt (yfir fjörutíu þúsund gestir).

Því miður varð þetta sýningarverkefni einnig mjög dýrt í framkvæmd, m.a. vegna alþjóðlegra flutninga, trygginga, sérfræðivinnu o.fl. þátta, sem erfitt var að fá heildarsýn yfir fyrirfram, og þrátt fyrir góðan stuðning fjölmargra aðila kostaði sýningin safnið yfir tuttugu milljónir króna, þegar upp var staðið, auk þess sem safnið þurfti að standa undir ýmsum kostnaði vegna flutnings á verkefnum í kjölfar framlengingar sýningarinnar.

Annar þáttur í sýningarhaldi sem varð kostnaðarsamari en gert var ráð fyrir varðar sýningar sem safnið stóð að erlendis, en þar var um að ræða tvær sýningar (annars vegar í Barcelona á tímabilinu janúar-febrúar og hins vegar í New York á tímabilinu apríl – júlí). Bæði urðu þessi sýningarverkefni dýrari en gert var ráð fyrir, en skiluðu safninu jafnframt miklum árangri hvað varðar athygli sem beindist að verkum viðkomandi listafólks (yngri listamenn í Barcelona og verk úr Errósafninu í New York) og starfsemi og listaverkaeign safnsins sjálfs.

Vegna fyrirsjáanlega erfiðrar fjárhagsstöðu safnsins vegna þessa mikla kostnaðar var ákveðið að aflýsa þremur sýningum sem voru fyrirhugaðar síðar á árinu. Jafnframt hefur verið ákveðið, eins og þessi starfsáætlun ber með sér, að fækka sýningum næsta árs til muna frá því sem verið hefur. Þannig mun sýningarverkefnum Listasafns Reykjavíkur fækka úr 36 árið 2003 í 23 á yfirstandandi ári og 17 á árinu 2005, en auk þessara sýninga má reikna með smærri verkefnum, sem koma upp með stuttum fyrirvara, og safnið telur vert að taka að sér að því gefnu að safnið beri af þeim lágmarkskostnað.

### *2.3.2 Hlutverk*

Hlutverk Listasafns Reykjavíkur er skv. samþykktum um starfsemi safnsins að safna svo fullkomnu safni íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita, rannsaka og miðla með þeim hætti, að borgarbúar og aðrir gestir hafi sem bestan aðgang að þeim listaverkum sem borgin hefur eignast. Safnið hefur einnig umsjón og eftirlit með myndverkum á almannafæri í eigu borgarinnar. Jafnframt ber safninu að stuðla að því að borgarbúar og aðrir gestir safnsins eigi kost á að fylgjast með því sem er að gerjast í myndlist í gegnum sýningarhald safnsins (3. gr.). Sérstök innkaupanefnd hefur umsjón með kaupum á listaverkum til safnins, fjallar um gjafir sem safninu eru boðnar og annast einnig kaup myndverka til uppsetningar á almannafæri í borginni (10.-12. gr.).
- Listasafn Reykjavíkur mun leitast við að rækja hlutverk sitt með öflugu innra starfi er lýtur að skráningu, rannsóknum og varðveislu listaverka í vörslu safnsins, með vel skipulögðu fræðslustarfi fyrir almenning, kynningarstarfi innanlands og erlendis, útleigu listaverka og ekki síst sýningarstarfi sem beinir athyglinni að ýmsu því áhugaverðasta sem er að gerast í íslenskum listaheimi, samhliða því sem veitt er innsýn í helstu strauma og stefnur í alþjóðlegri myndlist með völdum sýningum.

### *2.3.3 Leiðarljós*

Listasafn Reykjavíkur sinni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt, verði í öndvegi íslenskra listasafna og skapi sér orðstír á alþjóðlegan mælikvarða sem verðugur viðkomustaður allra unnenda samtímalistar.

### *2.3.4 Meginmarkmið*

Listasafn Reykjavíkur hefur að meginmarkmiði í starfsemi sinni:
- að skráning, merkingar og varsla listaverka og annarra gagna í umsjón safnsins verði með sem fullkomnustum hætti,
- að safnið ráði yfir þeim búnaði, tækjum og aðstöðu, sem talinn er bestur á hverjum tíma til að tryggja gæði starfsemi safnsins,

- að framkvæmd sýningarhalds safnsins markist af skipulögðum vinnubrögðum og faglegum metnaði,
- að styrkja forystuhlutverk safnsins hvað varðar öflun heimilda um Jóhannes S. Kjarval með rannsóknum og samstarfi um útgáfu stórrar bókar um listamanninn árið 2005,
- að starfa í samræmi við samþykktir safnsins og stefnu Reykjavíkurborgar í menningarmálum, starfsmannamálum, jafnréttismálum, fjölmenningarmálum, umhverfismálum og gagna- og upplýsingatæknimálum.

### 2.3.5 *Markmið 2005*

Listasafn Reykjavíkur hefur að markmiði í starfi sínu árið 2005

- að framkvæma þá sýningaráætlun sem lögð er fram sem fylgiskjal með þessari starfsáætlun,
- að tryggja frágang listaverka, teikningasafna og gagnasafna í geymslum safnsins,
- að deildir safnsins nái innri markmiðum sínum í starfi,
- að vinna í samræmi við söfnunarstefnu varðandi aðföng safnsins,
- að gefa út bók um feril listamannsins Erró,
- að ljúka skráningu vinnuferla vegna nýrra aðfanga (kaupa, skráningar, varðveislu o.s.frv.), tekju- og gjaldaskráningar, kynningarstarfs safnsins, fræðslustarfs safnsins, húskerfa, öryggiskerfa og afgreiðslukerfa safnsins.

### 2.3.6 *Yfirlitstölur*

**Tafla 2-10 Yfirlitstölur Listasafns Reykjavíkur 2003 - 2005**

Allir kostnaðarstaðir sem heyra undir Listasafn Reykjavíkur teknir saman í einn lið:
(Allar tölur í þús. kr.)

| | Yfirlitstölur 2003 | Endursk. áætlun 2004[1)] | Útkomuspá 2004[2)] | Rammi áætlunar 2005[3)] |
|---|---|---|---|---|
| Gjöld | 202.981 | 209.641 | 236.560 | 216.209 |
| Sértekjur | - 39.200 | - 34.300 | - 41.750 | - 35.050 |
| Mismunur | 163.781 | 175.341 | 194.810 | 181.159 |
| Uppgjör frá fyrri árum | 5.990[4)] | | 19.469 | -4.207 |
| Heildarmismunur | 169.771 | 175.341 | 175.341 | 176.952 |
| | | | | |
| Lausafjárkaup[5)] | 5.393 | 4.503 | 6.997 | 3.270 |
| Listaverkakaup | 16.065 | 17.000 | 20.490 | 17.000 |
| Fjárfesting | | | | |
| Samtals | --- | --- | --- | --- |

[1)] Endurskoðuð áætlun ársins 2004 inniheldur kostnað vegna innri leigu, sem samið var um á árinu.
[2)] Áætlun um niðustöður ársins 2004 byggir á fyrstu útreikningum skv. 8 mánaða uppgjöri (eftir 1. okt.).
[3)] Rammi áætlunar 2005 er hér settur fram með tilliti til innri leigu innan ársins; skipting gjalda og sértekna milli kostnaðarstaða í fjárhagsáætlun ársins 2005 kemur fram í fylgiskjali I.
[4)] Uppgjör frá fyrri árum er vegna útgjalda umfram fjárveitingar 2003 og fyrr; útkomuspá 2004 sýnir halla innan ársins, og rammi áætlunar fyrirhugaðan sparnað til að mæta uppsöfnuðum halla.
[5)] Ónýttar fjárhæðir til lausafjárkaupa 2003 og fyrr færðust yfir á 2004, og verða nýttar innan þess árs; ónýttar fjárhæðir til lausafjárkaupa 2004 verða færðar yfir á 2005.

### 2.3.7 *Þriggja ára áætlun*

**Tafla 2-11 Þriggja ára áætlun Listasafns Reykjavíkur 2006 - 2008**

(Áætlun gerð að meðtalinni innri leigu. Fjárhæðir í þús. kr.)

| | Rammi 2005 | Spá 2006 | Spá 2007 | Spá 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Gjöld | 156.514 | 156.514 | 156.514 | 156.514 |
| Innri leiga | 59.603 | 59.603 | 59.603 | 59.603 |
| Sértekjur | 35.050 | 35.050 | 35.050 | 35.050 |
| Mismunur | 181.067 | 181.067 | 181.067 | 181.067 |

Lausafjárkaup kr. 3.270 þús. á ári. Listaverkakaup kr. 17.000 þús. á ári.

*2.3.8 Lykiltölur*

**Tafla 2-12 Lykiltölur Listasafns Reykjavíkur**

**Tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi Listasafns Reykjavíkur:**
(Upplýsingarnar eru settur fram þannig að þær séu samanburðarhæfar á milli ára og nýtist sem mælikvarðar við eftirlit, ákvarðanir og áætlanagerð.)

| | 2002 | 2003 | (spá) 2004[1)] | (spá) 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **Þjónusta** | | | | |
| Gestir Kjarvalsstaða | 55.000 | 62.371 | 50.000 | 60.000 |
| - Þar af nemendur í safnfræðslu | 2.800 | 2.400 | 2.800 | 3.800 |
| Gestir Hafnarhúss | 43.000 | 68.952 | 80.000 | 65.000 |
| - Þar af nemendur í safnfræðslu | 3.700 | 3.000 | 4.500 | 3.200 |
| Gestir Safns Ásmundar Sveinssonar | 23.000 | 21.943 | 22.000 | 21.000 |
| - Þar af nemendur í safnfræðslu | 2.800 | 2.000 | 2.500 | 2.200 |
| Samtals gestafjöldi | 121.000 | 153.266 | 152.000 | 146.000 |
| - Þar af nemendur í safnfræðslu | 9.300 | 7.400 | 9.800 | 9.200 |
| Gestir - sem hlutfall íbúa Reykjavíkur | 108 % | 135 % | 133 % | 127 % |
| Sýningar [2)] | 9+2+11+1 | 13+5+18+0 | 8+4+9+2 | 7+0+11+0 |
| Opnanir og fyrirlestrar | 20 | 42 | 34 | 30 |
| Móttökur og aðrir sérstakir atburðir | 89 | 151 | 70 | 75 |
| Útgefnar sýningarskrár + fylgirit sýninga | 9+10 | 9+17 | 9+12 | 7+10 |
| Útgefin kynningarrit | 5 | 7 | 5 | 5 |
| Heildarhúsnæði í fermetrum | 5500 | 5500 | 5500 | 5500 |
| Fjöldi bygginga í rekstri | 3 | 3 | 3 | 3 |
| Útlán listaverka | 800 | 815 | 830 | 850 |
| **Fjármál** [3)] | | | | |
| Rekstrarkostnaður alls (í þús. kr.) | 161.559 | 148.619 | 162.232 | 157.106 |
| Rekstrartekjur alls (í þús. kr.) | 40.595 | 39.200 | 41.750 | 35.550 |
| Rekstrarkostnaður (nettó) pr. íbúa Rvk | 1.075 kr. | 965 kr. | 1.054 kr. | 1.055 kr. |
| Rekstrarkostnaður á hvern gest | 1.335 kr. | 970 kr. | 1.067 kr. | 1.076 kr. |
| Sértekjur á hvern gest | 335 kr. | 255 kr. | 274 kr. | 243 kr. |
| **Aðföng** | | | | |
| Verk skráð í alm. listaverkaeign | 3.345 | 3.380 | 3.410 | 3.440 |
| Verk skráð í Kjarvalssafn [4)] | 3.300 | 3.305 | 3.310 | 3.315 |
| Verk skráð í Errósafn | 3.519 | 3.560 | 3.740 | 3.750 |
| Verk skráð í Ásmundarsafn (þar af 424 höggmyndir)[4)] | 2.410 | 2.410 | 2.410 | 2.410 |
| Bókaeign í bókasafni | 4.440 | 4.480 | 4.520 | 4.560 |
| Aðfangaskrá byggingalistardeildar (teikningar, líkön, bækur) | 137 | 140 | 145 | 150 |
| Útilistaverk í umsjón safnsins | 121 | 125 | 130 | 133 |
| Fjöldi opnunardaga | 359 | 359 | 358 | 360 |
| **Starfsmenn** | | | | |
| Fastráðin ársverk | 21,2 | 20,3 | 21,2 | 21,2 |
| Lausráðin ársverk | 5,5 | 4,8 | 4,8 | 4,8 |
| Hlutfall kvenna meðal fastráðinna starfsmanna | 75 % | 85 % | 83 % | 83 % |
| Hlutfall kvenna meðal lausráðinna starfsmanna | 78 % | 75 % | 73 % | 73 % |

--------

1) Áætlun um lokatölur ársins miðað við 1. október 2004.

2) Sýnir tölur varðandi Kjarvalsstaði + Ásmundarsafn + Hafnarhús + erlendis.

3) Miðað við heildarkostnað og tekjur allra kostnaðarstaða Listasafnsins; húsaleiga (innri leiga) 2003, 2004 og 2005 er þó ekki tekin með í þennan útreikning.

4) Samanburður eldri skrásetningar við nýja tölvuskráningu 2003 leiddi í ljós ónotuð skráningarnúmer og tvískráningu í Kjarvalssafni og óskráðar teikningar í Ásmundarsafni.

*2.3.9 Breytingar á þjónustu og rekstri*

Engar tillögur eru gerðar um breytingar á aðgangseyri eða opnunartímum Listasafns Reykjavíkur í tengslum við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar ársins 2005. Hins vegar er gerð tillaga um breytingar á gjaldskrá útleigu listaverka úr safneign Listasafns Reykjavíkur (til borgarstofnana og annarra), enda hefur þeirri gjaldskrá ekki verið breytt um nokkurra ára skeið. Nánar verður gerð grein fyrir þeirri tillögu í erindi til menningarmálanefndar, sem hefur samþykkt reglur og gjaldskrá varðandi þessa útleigu.

*2.3.10 Samantekt*

Starfs- og fjárhagsáætlun Listasafns Reykjavíkur fyrir árið 2005 er miðuð við þann fjárhagsramma sem menningarmálanefnd samþykkti á fundi sínum 22. sept. sl. Í samræmi við þá ákvörðun og óvissu um sértekjur ársins verður leitast við að gæta fyllsta aðhalds í öllum rekstri safnsins með það að markmiði að takast megi að standa við framlagða fjárhagsáætlun.

Jafnframt verður leitast við að ná sparnaði í rekstri safnsins til móts við það rekstrartap, sem safnið ber frá síðustu árum og fyrirsjáanlegt er á yfirstandandi ári. Þar ber fyrst að nefna að verulegur niðurskurður verður í sýningarhaldi safnsins, eins og fram kemur í sýningaáætlun. Einnig verður dregið talsvert úr fjárveitingum til kynningarmála og fræðslustarfsemi; loks verður skorin niður þjónusta kaffitería safnsins, og afgreiðslutími þeirra styttur um þrjár klukkustundir á dag. Með þessum aðgerðum er ætlunin að ná fram umtalsverðum sparnaði upp í rekstrartap safnsins á yfirstandandi og liðnum árum.

Helstu áhersluatriði í starfi safnins á komandi ári verða eftirfarandi:

- Sýningaáætlun næsta árs gerir ráð fyrir að fækka enn verkefnum frá yfirstandandi ári, auk þess sem verk verða lánuð til sýninga á erlendum vettvangi. Nokkur þessara verkefna verða stór í sniðum (einkasýning Harðar Ágústssonar, Listahátíðarsýning Dieter Roth og 120 ára afmælissýning Jóhannesar Kjarvals) og geta leitt til frekara samstarfs á alþjóðavettvangi, og er stefnt að því að framkvæma sýningaráætlun ársins með fullum sóma.
- Gefin verður út ferilsskrá listamannsins Erró, sem unnið hefur verið að í rannsóknum á vegum safnsins undanfarin ár.
- Lögð verður áhersla á að halda áfram að efla innra starf í safninu, einkum það starf sem lýtur að skráningu, varðveislu og rannsóknum er tengjast sérsöfnum innan Listasafns Reykjavíkur, sem og þeim sýningarverkefnum, sem kalla eftir slíkri vinnu.

Það er ljóst að nauðsynleg rannsóknarstarfsemi safnsins á eftir að krefjast meiri fjármuna en safnið hefur nú til ráðstöfunar, og verður því seint lokið, á meðan safnið býr ekki við rýmri fjárhag og meiri mannafla til að sinna þessum nauðsynlega þætti í starfsemi allra safna.

*2.3.11 Rekstraryfirlit*

**Tafla 2-13 Rekstraryfirlit Listasafns Reykjavíkur**

| Fjárhæðir í þús. kr. | kostn.st. | Reikningur 2003 | Áætlun 2004 | Endursk. áætl. 2004 | Útk.spá 2004 | Frumvarp 2005 Gjöld | Frumvarp 2005 Tekjur | Frumvarp 2005 Mism. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Listasafn Reykjavíkur | 03300 | 87.978 | 97.948 | 99.117 | 121.275 | 104.452 | 5.500 | 98.952 |
| Hafnarhús | 03310 | 37.443 | 38.449 | 38.568 | 36.274 | 48.847 | 8.000 | 40.847 |
| Kaffiteríur | 03311 | 5.713 | 4.649 | 4.741 | 6.626 | 14.682 | 10.500 | 4.182 |
| Kjarvalsstaðir | 03320 | 29.073 | 30.604 | 30.674 | 31.270 | 40.387 | 7.000 | 33.387 |
| Ásmundarsafn | 03330 | 7.242 | 6.646 | 6.744 | 5.866 | 10.570 | 4.050 | 6.520 |
| Listaverk á opn. sv.-rekstur | 03350 | 1.734 | 0 | 0 | 496 | 450 | 0 | 450 |
| Listaverk á opn. sv.-lausafjárkaup | 03350 | 2.692 | 3.500 | 3.500 | 3.206 | 3.500 | 0 | 3.500 |
| Listaverkakaup | 03360 | 0 | 13.500 | 13.500 | 17.284 | 13.500 | 0 | 13.500 |
| **Samtals** | | **171.875** | **195.296** | **196.844** | **222.297** | **236.387** | **35.050** | **201.337** |

*2.3.12 Viðburðaáætlun*

**Tafla 2-14 Sýningardagskrá Listasafns Reykjavíkur 2005**

(Útg. 20. okt. 2004; kynnt með fyrirvara um breytingar:)

**Kjarvalsstaðir**

**13. nóv. – 16. jan. 2005:**

| | |
|---|---|
| *Vestursalur* | **Northern Fibre V – samsýning**<br>(Skýring: Alþjóðleg sýning á textíl, sem Textílfélagið hér á landi er tengiliður fyrir; yrði stjórnað frá Íslandi eftir tilnefningum frá ýmsum aðilum.) |

**4. febr. – 13. mars:**

| | |
|---|---|
| *Miðrými* | **Markmið – samsýning**<br>(Skýring: Samsýning verkefna Helga Hjaltalín Eyjólfssonar og Péturs Arnar Friðrikssonar undir þessu heiti ('Markmið'), þar sem um er að ræða spuna frá einu verkefni til hins næsta. Væri hægt að skilgreina sem 'strákalist' þar sem markleysa og óljós tilgangur athafna karlmanna eru áberandi viðfangsefni. Hugmyndin að sýna nýtt efni og framhald eldri verkefna ásamt eldri verkefnum.) |

**4. febr. – 24. apríl:**

| | |
|---|---|
| *Vestursalur* | **Hörður Ágústsson – einkasýning**<br>(Skýring: Sýning á myndlist og hönnun, kynning á listsögulegum rannsóknum og ferli og áhrifum Harðar sem listamanns, kennara, hönnuðar, og höfundar á öllum sviðum myndlistar allt frá 6. áratugnum til samtímans. Sýningarstjórn: Eiríkur Þorláksson, Pétur H. Ármannsson og Guðmundur Oddur Magnússon.) |

**19. mars – 24. apríl:**

| | |
|---|---|
| *Miðrými og utandyra* | **Kristín Halldórsdóttir Eyfells**<br>(Skýring: Málverk og höggmyndir listakonunnar Kristínar Eyfells, sem lést í Bandaríkjunum árið 2002; unnin í samráði við Jóhann Eyfells.) |

**9. – 22. maí(?):**

| | |
|---|---|
| *Allt húsið* | **Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands 2005 – samsýning**<br>(Skýring: Samvinnuverkefni Listasafns Reykjavíkur og Listaháskóla Íslands, þar sem útskriftarárgangur skólans á sviði myndlistar og hönnunar mun setja upp lokasýningu á verkum sínum í sýningarsölum safnsins á Kjarvalsstöðum og mögulega utanhúss.) |

**4. júní – 15. ágúst:**

| | |
|---|---|
| *Allt húsið* | **Sumarsýning**<br>(Skýring: Sýning á úrvali verka úr Listasafni Reykjavíkur og mögulega öðrum söfnum, þar sem brugðið er upp mynd af listasögu Íslands á 20. öld með heildstæðum hætti, og leitast við að kynna með hvaða hætti íslensk listsýn hefur þróast frá öndverðri 20.öld allt til samtímans.) |

**26. ágúst – 2. okt.:**

| | |
|---|---|
| *Vestursalur, Miðrými og utandyra* | **"EXploding MEaning"– einkasýning Guðjóns Bjarnasonar**<br>(Skýring: Einkasýning listamannsins, sem mun eftir sýningartímabil hér fara til sýningar í Bandaríkjunum og ef til vill víðar. Verkefnislýsing liggur fyrir.) |

**15. okt. – 26. febr. 2006:**

| | |
|---|---|
| *Allt húsið* | **Jóhannes S. Kjarval – yfirlitssýning í tilefni 120 ára árstíðar listamannsins**<br>(Skýring: Í tilefni 120 ára árstíðar listamannsins verður efnt til stórrar yfirlits-sýningar á verkum hans, og reynt að bregða nýju ljósi á verk hans fyrir nýjar kynslóðir.) |

## Hafnarhús

**2. okt. 2004 – 27. febr. 2005:**

*Salir E og F* **Errósafnið – "Scapes"**
(Skýring: sýning úr safneigninni; á henni verður haldið áfram að kynna ólíkar áherslur og þætti í listsköpun Erró, í samræmi við þá stefnu að Errósafnið gefi sem víðtækasta mynd af listsköpun Errós í gegnum tíðina.)

**15. jan. – 27. febr.:**

*Salur A* **Brian Griffin – einkasýning**
(Skýring: Sýning á ljósmyndaverkum þekkts bresks ljósmyndara, sem mun byggja á þeim áhrifum, sem hafa mótað hans listsýn allt frá um 1970 til samtímans, og kemur m.a. fram í portrettum, ljósmyndum af byggingum og mannvirkjum, vali á viðfangsefnum o.s.frv. Hluti sýningarinnar (ný verk) tengjast sambandi hans við Ísland.)

**15. jan. - 27. febr.:**

*Salur B* **Þórður Ben Sveinsson – einkasýning**
(Skýring: Sýning tileinkuð hugmyndum listamannsins um Reykjavík sem borg og mögulega þróun framtíðar hennar. Þórður hefur verið að vinna hugmyndir um þetta efni í langan tíma, en það hefur komið saman með auknum krafti síðustu misseri.)

**15. jan. – 27. febr.:**

*Salir C og D* **Bjargey Ólafsdóttir - einkasýning**
(Skýring: Nýtt verk, kvikmynd og innsetning frá hendi listakonunnar.
Ágústa Kristófersdóttir sýningarstjóri)

**12. mars – 24. apríl:**

*Portið og Salur A* **Brynhildur Þorgeirsdóttir - einkasýning**
(Skýring: Einkasýning listakonunnar, þar sem hún mun takast á við ákveðið samhengi í höggmyndum sínum: Í A-sal verður e.k. 'landslags-innsetning' (steinar, klettar, fjöll – alla leið úr jörðinni að sjóndeildarhringnum). Í portinu eitt stórt verk sem tengir heildina inn í borgina aftur, meira 'mann-gert' verk. Efnisval eru steinsteypa og gler. )

**12. mars – 24. apríl:**

*Salir B, C, D, E og F* **"9" – Myndasögumessa**
(Skýring: Sýning helguð myndasögunni, og m.a. ætlað að varpa ljósi á tengsl Errós við myndasöguna. Bæði innlendir og alþjóðlegir höfundar verða teknir til athugunar. Unnið í samvinnu við Gisp! – hópinn, verkefnislýsing liggur fyrir.
Sýningarstjóri: Bjarni Hinriksson.)

**14. maí – 21. ágúst:**

*Allir salir* **Dieter Roth – sýning**
(Skýring: Samvinnuverkefni Listasafns Reykjavíkur og Listahátíðar, sem fellur m.a. saman við sýningu í Listasafni Íslands á sama tíma. Verkefnislýsing liggur fyrir, og hugmyndir um tengingar við önnur verkefni á Listahátíð verða útfærð af Jessicu Morgan í samvinnu við alla aðila.
Sýningarstjóri: Björn Roth.)

**9. sept. – 23. okt.**

*Salur A* **Shirin Neshat – einkasýning**
(Skýring: Sýning á myndbandsverkum þekktrar íranskrar listakonu, sem býr í New York og hefur öðlast mikla viðurkenningu á alþjóðavettvangi undanfarin ár; verður unnið í samvinnu við Barbara Gladstone Gallery í New York.)

**9. sept. – 23. okt.**

*Salir B, C, D* **Pólsk menningarhátíð – myndlistar- og þjóðlistarsýningar frá Póllandi**
(Skýring: Sýningar á ljósmyndalist, myndlist og þjóðlegri list frá Póllandi í samhengi við pólska menningarhátíð hér á landi í september 2005. Unnið í samvinnu við

vinafélag Póllands á Íslandi, félag Pólverja á Íslandi, og pólska sendiráðið fyrir Ísland.)

**9. sept. ~:**
*Portið og fjölnotarýmið*
**Lothar Baumgarten – einkasýning**
(Skýring: Einn af þekktustu listamönnum sinnar kynslóðar í þýskri og alþjóðlegri samtímalist; Mun vinna innsetningu sérstaklega fyrir portið, og mögulega sýna ljósmyndaverk og myndbandsverk í fjölnotarýminu.)

**9. sept. ~:**
*Salir E og F*
**Errósafnið – "Listamaður verður til"**
(Skýring: sýning úr safneigninni; á henni verður haldið áfram að kynna ólíkar áherslur og þætti í listsköpun Erró, í samræmi við þá stefnu að Errósafnið gefi sem víðtækasta mynd af listsköpun Errós í gegnum tíðina. Í þetta sinn er litið til verka listamannsins frá æskuárum allt til þess tíma að hann lýkur námi í Flórens)

**5. nóv. – 30. des.:**
*Salir A, B, C, D*
**Aðföng 2002 - 2005**
(Skýring: Sýning á úrvali þeirra listaverka, sem Listasafn Reykjavíkur hefur verið að kaupa eða fengið að gjöf frá því síðast var haldin slík sýning 2002.)

**Safn Ásmundar Sveinssonar**

**20. maí 2004 – maí 2006:**
**Ásmundur Sveinsson – maður og efni**
(Skýring: Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns, þar sem val verka byggir á að sýna með hvaða hætti listamaðurinn vann með ólík efni – tré, leir, gifs, stein, brons og aðra málma – og hvernig sömu viðfangsefnin njóta sín í mismunandi efnum.)

*2.3.13 Skorkort*

**Skorkort Listasafns Reykjavíkur 2005**

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **01 Þjónusta** | | | | |
| 01 Menningarstofnanir gegni hlutverki sínu á framúr-skarandi hátt | 01. Aðsókn að Listasafni Reykjavíkur | 153.266 | 152.000 | 146.000 |
| | 02. Ánægja með starfsemi Listasafns Reykjavíkur | 66% | 85% | 85% |
| | 03. Fjöldi rannsóknarverkefna | 9 | 9 | 9 |
| | 04. Fjöldi menningarviðburða á vegum Listasafns Reykjavíkur | 36 | 23 | 18 |
| 02 Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna | 01. Fjöldi menningarviðburða fyrir börn og fjölskyldur | 5 | 6 | 6 |
| | 02. Ánægja með menningarstarf fyrir börn og fjölskyldur | 29% | 72% | 75% |
| | 03. Fjöldi heimsókna skólabarna og barna í tómstundastarfi | 7.400 | 9.800 | 9.200 |
| 03 Markviss stuðningur við menningu og listsköpun borgarbúa | 01. Ánægja listamanna/faghópa | * | 75% | 75% |
| 04 Áhersla á aðgengi og þátt-töku allra þjóðfélagshópa að/í menningu og listum | 01. Framboð kynningarefnis á erlendum tungumálum | 9 | 9 | 9 |
| | 02. Aðgengi fatlaðra og leiðsögn fyrir sjón- og heyrnarskerta | 4 ein. | 5 ein. | 5 ein. |
| | 03. Fjöldi menningarviðburða með þátttöku nýbúa | * | * | * |
| 05. Reykjavík sé alþjóðleg-borg þar sem menningar-leg sérstaða hennar nýtur sín | 01.Þátttaka í alþjóðlegum viðburðum á vegum borgarinnar | * | * | * |
| | 02. Þátttaka í faglegu samstarfi erlendis | * | * | * |
| | 03. Fjöldi verkefna sérstaklega eru sniðin að þörfum erl. gesta | * | * | * |
| | 04. Fjöldi verkefna sem koma ísl. listam./fagfólki á framfæri erl. | * | * | * |
| | 05. Fjöldi innlendra verkefna sem hafa alþjóðleg tengsl | * | * | * |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Áætlað 2003 | Áætlun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **02 Fjármál** | | | | |
| 01 Tryggja góða og hagkvæma nýtingu og stýringu fjármuna | 01. Kostnaðaráætlun vs. raun | 95% | 113% | 100% |
| | 02. Tekjuáætlun vs. raun | 95% | 122% | 100% |
| | 03. Frávik frá rekstraráætlun | 0% | 11% | 0% |
| 02 Stuðla að verðmætasköpun | 01. Mælikvarði í þróun | * | * | * |
| 03 Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða | 01. Kostnaður pr. gest | 970 | 1.067 | 1.076 |
| | 02. Sértekjur pr. gest | 255 | 275 | 247 |
| | 03. Kostnaður á einingu/borgarbúa (nettó) | 965 | 1.054 | 1.055 |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **03 Verklag** | | | | |
| 01 Tryggja góða og skilvirka þjónustu sem einfalt er að nálgast | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með þjónustu | 82% | 88% | 90% |
| | 02. % viðskiptavina sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna | 83% | 85% | 90% |
| | 03. % viðskiptavina sem telur sig fá hraða/skilvirka þjónustu | 66% | * | * |
| | 04. Framfylgni þjónustusamninga | 6 | 7 | 7 |
| 02 Tryggja skýrar og skilvirkar ábendingarleiðir | 01. % skilgreindra vinnuferla yfir meginþætti starfsins | * | 75% | 75% |
| | 02. % starfsmanna með aðgang að skilgreindum ferlum | * | 60% | 60% |
| 03 Tryggja upplýsingaflæði til borgarbúa, samstarfsaðila og starfsmanna | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með upplýsingagjöf á heimasíðu | 40% | 66% | 75% |
| | 02. % starfsmanna sem telur sig fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan síns vinnustaðar og snertir starf þeirra | 47% | 65% | 70% |
| | 03. % erindisferla sem eru aðgengilegir á heimasíðu | * | 10% | 10% |
| 04 Tryggja einfalda og gegnsæja stjórnsýslu | 01. % erinda sem berast með rafrænum hætti | * | 60% | 60% |
| | 02. % starfsm. sem eru ánægðir með tölvuþjónustu | * | 70% | 70% |
| 05 Í borgarmyndinni sé sögu borgarinnar ávallt sýnd virðing og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi | 01. Hlutfall merktra útilistaverka | 97% | 98% | 98% |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **04 Mannauður** | | | | |
| 01 Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi | 01. % ánægðra með starf sitt | 94% | 96% | 96% |
| | 02. % ánægðra með vinnuaðstöðu | 76% | 70% | 70% |
| | 03. % starfsmanna sem telur að starfsandinn sé góður | 76% | 83% | 83% |
| | 04. % starfsmanna sem eru ánægðir með laun sín miðað við laun fyrir sambærileg störf annars staðar | 41% | 17% | 20% |
| | 05. % starfsmanna sem hafa starfað lengur en 3 ár | * | 80% | 80% |
| 02 Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi | 01. % starfsmanna sem telur samvinnu við samstarfsmenn góða | 71% | 83% | 85% |
| | 02. % starfsm. sem telur auðvelt að samræma starf og fjölskyldulíf | 76% | 87% | 90% |
| 03 Stuðla að Jafnræði og jafnrétti | 01. % karla/kvenna í stjórnunarstöðum | 20 / 80 | 20 / 80 | 20 / 80 |
| 04 Efla þekkingu og frumkvæði starfsfólks | 01. % starfsmanna sem fara í árlegt starfsmannasamtal | 59% | 22% | 33% |
| | 02. % starfsmanna sem tekur þátt í árlegri símenntunaráætlun | 12% | 4% | 5% |
| | 03. % starfsm. sem telur að tillit sé tekið til hugm. þeirra varðandi starfsemina | 41% | 44% | 50% |
| | 04. % starfsmanna sem upplifir starfsþróun (þ.e.a.s lærir ný vinnubrögð og nýjar aðferðir, tekst á við ný og/eða breytt verkefni sem gefa þeim möguleika á að þroskast í starfi) | 47% | 44% | 50% |
| 05 Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma | 01. % starfsmanna sem telur að hæfni þeirra nýtist í starfi | 65% | 78% | 80% |

* mælikvarði í þróun

## 2.4 Ljósmyndasafn Reykjavíkur

*2.4.1 Inngangur*

Gert er ráð fyrir að starfsemi safnsins á árinu 2005 verði með svipuðu sniði og árið á undan. Ýmis nýmæli verða svo sem er ætlunin að koma upp og gera tilraunir með gagnvirkt fræðslunet. Ástæða þessa er að þrátt fyrir að fjöldi grunnskólabarna hefur aukist á safninu hefur ekki tekist eins vel til og vonir stóðu til. Því var ákveðið á starfsdegi í mars sl. að gera tilraunir með og breyta háttum í safnfræðsluaðferðum safnsins og útbúa og bjóða upp á gangvirkt fræðslunet. Það felur í sér að myndavefur safnsins verður nýttur til fræðslunnar, börnin fái í hendur verkefni og stafræna myndavél að láni frá safninu og afrakstur verkefnisins verði þeim aðgengilegur á myndavefnum.

Sýningarnar skipa fastan sess í starfsemi safnsins og hefur aukið hróður þess út á við jafnt innanlands sem utan. Töluvert er um að tilboð um sýningar berist safninu auk þess sem að úr mörgum sýningum er að velja í ljósmyndaheiminum. Áfram verður haldið í sömu sýningarstefnu og fyrr þ.e. þrjár sýningar á ári þar sem ein kynnir íslenska samtímaljósmyndara, ein erlenda ljósmyndara og sú þriðja er unnin úr safnkosti.

Með auknum gestafjölda hefur safnið áþreifanlega fundið fyrir því að þörf er á að safnið sé með samfelldar sýningar árið um kring. Brugðist hefur verið við því með að setja upp myndir í stigaganginn en það virðist ekki duga til að fullnægja væntingum safngesta um sýningar. Þar af leiðandi er ætlunin á árinu 2005 að reyna við tæknina og útbúa stafræna sýningu með myndum úr eigu safnsins og varpa þeim fram á skjá og vænta þess að uppfylla óskir safngesta um samfelldar sýningar hjá safninu árið um kring.
Stórum áfanga var náð þegar Ljósmyndasafn Reykjavíkur opnaði myndavef á heimasíðu safnsins í júní 2004. Myndavefurinn geymir nokkur þúsund ljósmynda sem almenningur hefur nú aðgang að. Með þessu hefur safnið ekki bara eflt þjónustuna til muna, heldur einnig veitt rafrænan aðgang að menningararfinum og ljósmyndasögunni. Nú hefur fólk kost á því að skoða sjálft myndir heima og leita sem léttir á myndaleit starfsfólks og þjónustan er þar af leiðandi hagkvæmari en áður. Þrátt fyrir töluverðan útlagðan kostnað og mikla innri vinnu stefnir í að sértekjur verði hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og vonast er eftir að það haldi áfram.

Jafnt og þétt hafa verklagsreglur verið gerðar skýrari t.d. er ákveðið ferli frá því að safninu berast aðföng þar til að búið er að koma þeim í sýrulausar umbúðir, í skönnun og skráningu sem er lokapunkturinn í ferlinu. Safnið kaupir Secol polyesterumbúðir frá Englandi sem eru þær bestu í heiminum í dag með tilliti til langvarandi geymslu og varðveislu á safnkosti. Samkvæmt niðurstöðum frá British Museum Testing Laboratory er forvörslustaðall umbúðanna mjög hár og heyrir undir staðalinn BS5454.

Á árlegum starfsdegi í mars voru sem endra nær lögð drög að verkefnaáætlun 2004-2005. Auk SVÓT-greiningar var safnastefna Ljósmyndasafns Reykjavíkur fyrir árin 2004-2008 mótuð.

*2.4.2 Hlutverk*

Ljósmyndasafn Reykjavíkur skal varðveita ljósmyndir, glerplötur, filmur og skyggnur með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að ljósmyndum í eigu safnsins. Safninu er jafnframt ætlað að byggja upp og varðveita safn íslenskra ljósmynda sem varpa ljósi á sögu greinarinnar, skrá það, varðveita og sýna. Leitast skal við að afla myndasafna sem endurspegla sem best íslenskan ljósmyndaarf, sem og myndefnis sem tengist Reykjavík.

*2.4.3 Leiðarljós*

Ljósmyndasafn Reykjavíkur eflist sem ljósmyndasafn í alþjóðlegu samhengi og veki áhuga sem flestra á menningarlegu hlutverki ljósmyndarinnar.

*2.4.4 Markmið*

Ljósmyndir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna

- Koma á markvissu samstarfi við skóla borgarinnar
- Ljósmyndasafnið taki frumkvæði í að kynna starfsemi sína börnum
- Ljósmyndir verði órjúfanlegur þáttur í sögu- og listuppeldi barna

Starfsemin einkennist af þrótti og metnaði

- Að minnsta kosti þrjár sýningar á ári, erlendar og innlendar.
- Styrkveiting til ljósmyndara úr sjóði Magnúsar Ólafssonar
- Árlegur minningarfyrirlestur 10. maí og útgáfa á honum

Ljósmyndasafn Reykjavíkur sé öllum aðgengilegt
- Ókeypis inn á sýningar og aðra viðburði
- Heimasíða og kynningarefni á ensku
- Leitarvefur á heimasíðu

Safnið gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt
- Vandað og faglegt starf á öllum sviðum
- Árangursríkt kynningarstarf
- Fjölbreytt og traust fagþekking

Skipulag starfseminnar skýr og stjórnun hennar
- Að reglulega sé fylgst með árangri starfseminnar
- Starfsdagar a.m.k. einu sinni á ári
- Verklagsreglur verði gerðar skýrari og aðgengilegar

Að tryggja örugga varðveislu safnkosts
- Fylgjast með hita- og rakastigi í geymslu
- Nota sýrulausar umbúðir
- Gera verklagsreglur um varðveislu

### *2.4.5 Markmið 2005*
- Að koma á gagnvirku fræðsluneti milli safnsins og skóla með gerð safnkennslukassa sem m.a. inniheldur stafræna myndavél.
- Að halda áfram innskönnun mynda sem eykur við fjölda mynda á myndavefnum.
- Að auka innskannaðar myndir í gagnagrunn.
- Að opna fleiri myndasöfn m. kontaktagerð.
- Að halda áfram rannsóknarvinnu á safni Péturs Thomsen, þ.e. á umfangi og innihaldi safnsins og leiðum til betra aðgengis og varðveislu.
- Að kynna safnið betur almenningi.

### *2.4.6 Yfirlitstölur*

**Tafla 2-15 Yfirlitstölur Ljósmyndasafns Reykjavíkur 2003 - 2005**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | **Reikningur 2003** | **Endurskoðuð áætlun 2004** | **Útkomuspá 2004** | **Áætlun 2005** |
|---|---|---|---|---|
| **Gjöld** | 24.790 | 26.018 | 29.460 | 27.254 |
| **Tekjur** | 3.591 | 2.250 | 4.194 | 3.270 |
| **Mismunur** | 21.199 | 23.768 | 25.266 | 23.984 |
| | | | | |
| **Lausafjárkaup** | 2.845 | 2.079 | 1.392 | 1.500 |
| **Húsaleiga** | 3.326 | 3.390 | 3.390 | 3.494 |
| **Samtals** | **27.370** | **29.237** | **30.048** | **28.978** |

### *2.4.7 Þriggja ára áætlun*

**Tafla 2-16 Þriggja ára áætlun Ljósmyndasafns Reykjavíkur 2006 – 2008**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | **2005** | **2006** | **2007** | **2008** |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | |
| | 3.270 | 3.270 | 3.270 | 3.270 |
| **Gjöld** | | | | |
| | 27.604 | 28.754 | 28.754 | 28.754 |
| **Innri leiga** | 3.494 | 3.494 | 3.494 | 3.494 |
| **Ráðstafað samtals** | **27.828** | **28.978** | **28.978** | **28.978** |
| (Ráðstöfun afgangs) / greiðsla halla | 1.150 | | | |
| **Framlag borgarsjóðs / áætlun ársins** | **28.978** | **28.978** | **28.978** | **28.978** |
| Flutt frá fyrra ári | -1.150 | | | |
| **Til ráðstöfunar** | **27.828** | **28.978** | **28.978** | **28.978** |

### 2.4.8 *Lykiltölur*

**Tafla 2-17 Lykiltölur Ljósmyndasafns Reykjavíkur**

| | 2002 | 2003 | (spá) 2004 | (spá) 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **Þjónusta** | | | | |
| Gestafjöldi | 17.000 | 17.000 | 18.000 | 20.000 |
| Skólanemendur | 265 | 265 | 500 | 1.000 |
| Fjöldi viðburða | 7 | 7 | 6 | 6 |
| Fjöldi útgáfa | 6 | 6 | 5 | 4 |
| Útlán safngripa (fjöldi afgr. mynda) | 606 | 739 | 1000 | 1100 |
| Heildarhúsnæði í fermetrum | 400 | 400 | 400 | 400 |
| Fjöldi bygginga í rekstri | 1 | 1 | 1 | 1 |
| **Vinnuferlar** | | | | |
| Fjöldi opnunardaga á ári | 310 | 310 | 323 | 325 |
| **Fjármál** | | | | |
| Kostnaður pr gest | 1.566 | 1.654* | 1.609* | 1.364* |
| Sértekjur pr gest | 117 | 211* | 233* | 163* |
| Kostnaður pr íbúa | 219 | 248* | 256* | 240* |
| **Starfsmenn** | | | | |
| Fastráðin ársverk | 5 | 4 | 5 | 5 |
| Lausráðin ársverk | 1 | 1 | 1 | 0 |
| Ársverk samtals | 5 | 5 | 5 | 5 |
| Hlutfall kvenna | 60% | 80% | 65% | 80% |
| Hlutfall karla | 40% | 20% | 35% | 20% |
| Fjöldi karla í embættisstörfum | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjöldi kvenna í embættisstörfum | 1 | 1 | 1 | 1 |

**með innri leigu*

### 2.4.9 *Breytingar á þjónustu og rekstri*

Vegna áframhaldandi niðurskurðar, sem að þessu sinni er 1,5%, hafa verið gerðar áætlanir um breytingar á þjónustu og rekstri. Þær eru helstar að fyrirlestur í minningu Magnúsar Ólafssonar verður haldinn annað hvert ár í stað árlega.

Jafnframt er óskað eftir samþykki til að hækka gjaldskrá safnsins þ.e. höfunda- og birtingarrétt um 20% en það er gert til að gæta verðsamræmis við aðra sem varðveita samskonar söfn. Vonast er til að hækkunin skili safninu um 300 þús. kr. í sértekjum. Þess má geta að verðskrá mynda verður áfram óbreytt frá árinu 2002.

### 2.4.10 *Samantekt*

Eins og fram kom í byrjun verða helstu nýmælin á næsta ári að koma upp og gera tilraunir með gagnvirkt fræðslunet. Vonast er til að það tengi ljósmyndir safnsins betur við sögu Reykjavíkur í vitund skólabarna. Með opnun myndavefs í júní síðast liðinn er vonast til að sértekjur safnsins aukist svo hægt verði að fá meira fjármagn inn í reksturinn. Sem áður verður fyllsta aðhalds gætt í rekstri og vonast er til að niðurskurðurinn gangi ekki of nærri faglegri starfsemi Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

*2.4.11 Rekstraryfirlit*

**Tafla 2-18 Rekstraryfirlit Ljósmyndasafns Reykjavíkur**

| Fjárhæðir í þús. kr. | kostn.st. | Reikningur 2003 | Áætlun 2004 | Endursk. áætl. 2004 | Útkomuspá 2004 | Frumvarp 2005 Gjöld | Tekjur | Mism. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ljósmyndasafn R. | 03600 | 27.370 | 29.145 | 29.237 | 30.048 | 32.248 | 3.270 | 28.978 |
| **Samtals** | | **27.370** | **29.145** | **29.237** | **30.048** | **32.248** | **3.270** | **28.978** |

*2.4.12 Viðburðaáætlun*

**Tafla 2-19 Sýningardagskrá Ljósmyndasafns Reykjavíkur 2005**

| | |
|---|---|
| til 6. feb. | "Fyrir og eftir", sýning úr safneign Ljósmyndasafns Reykjavíkur. |
| 6. feb. – 22.maí. | Bára Kristinsdóttir, ljósmyndari, einkasýning. |
| 28. maí- 14. ágú. | Unsettled, sýning frá Det Nationale Fotomuseum í Danmörku, 6 ljósmyndarar frá Suður-Afríku. |
| 19. ágú. – 29. okt. | Erlendur ljósmyndari, sýning í vinnslu. |

*2.4.13 Skorkort*

## Skorkort Ljósmyndasafns Reykjavíkur 2005

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **01 Þjónusta** | | | | |
| 01 Menningarstofnanir gegni hlutverki sínu á framúr-skarandi hátt | 01. Aðsókn | 17.000 | 18.000 | 20.000 |
| | 02. Ánægja með starfsemi | 1 | 100% | 85% |
| | 03. Fjöldi menningarviðburða | 5 | 5 | 5 |
| | 04. Fjöldi rannsóknarverkefna | 1 | 2 | 1 |
| 02 Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna | 01. Fjöld menningarviðburða fyrir börn og fjölskyldur | 1 | 1 | 1 |
| | 02. Ánægja með menningarstarf fyrir börn og fjölskyldur | * | * | 80% |
| | 03. Fjöldi heimsókna skólabarna og barna í tómstundastarfi | 265 | 500 | 1.000 |
| | 04. % ánægðra með leiðsögn fyrir skólabörn um safnið | * | * | 80% |
| 03 Markviss stuðningur við menningu og listsköpun borgarbúa | 01. Ánægja listamanna/faghópa | * | 100 | 85% |
| | 02. Stuðningur við listamenn og hópa | 0 | 0 | 300.000 |
| 04 Áhersla á aðgengi og þátt-töku allra þjóðfélagshópa að/í menningu og listum | 01. Framboð kynningarefnis á erlendum tungumálum | 6 | 5 | 4 |
| | 02. Aðgengi fatlaðra og leiðsögn fyrir sjón- og heyrnarskerta | 3 | 3 | 4 |
| | 03. Fjöldi erlendra sýninga og viðburða | 1 | 1 | 2 |
| | 04. % ánægðra með kynningarefni með sýningum | * | * | * |
| 05. Reykjavík sé alþjóðleg-borg þar sem menningar-leg sérstaða hennar nýtur sín | 01. Þátttaka í alþjóðlegum viðburðum á vegum borgarinnar | * | * | * |
| | 02. Þátttaka í faglegu samstarfi erlendis | * | * | * |
| | 03. Fjöldi verkefna sérstaklega eru sniðin að þörfum erl. gesta | * | * | * |
| | 04. Fjöldi verkefna sem koma ísl. listam./fagfólki á framfæri erl. | * | * | * |
| | 05. Fjöldi innlendra verkefna sem hafa alþjóðleg tengsl | * | * | * |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **02 Fjármál** | | | | |
| 01 Tryggja góða og hagkvæma nýtingu og stýringu fjármuna | 01. Kostnaðaráætlun vs. raun | 99% | 104% | 100% |
| | 02. Tekjuáætlun vs. raun | 205% | 186% | 100% |
| | 03. Frávik frá rekstraráætlun | 12% | 4% | 0% |
| 02 Stuðla að verðmætasköpun | 01. Mælikvarði í þróun | * | * | * |
| 03 Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða | 01. Kostnaður pr. gest | 1.566 | 1.654 | 1.609 |
| | 02. Sértekjur pr. gest | 117 | 211 | 233 |
| | 03. Kostnaður á einingu (borgarbúa) | 219 | 248 | 256 |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Raun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **03 Verklag** | | | | |
| 01 Tryggja góða og skilvirka þjónustu sem einfalt er að nálgast | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með þjónustu | 71 | 100% | 80% |
| | 02. % viðskiptavina sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna | * | 100% | 80% |
| | 03. % viðskiptavina sem telur sig fá hraða/skilvirka þjónustu | * | 92% | 80% |
| 02 Tryggja skýrar og skilvirkar ábendingarleiðir | 01. % skilgreindra vinnuferla yfir meginþætti starfsins | 50% | 50% | 75% |
| | 02. % starfsmanna með aðgang að skilgreindum ferlum | 50% | 50% | 75% |
| 03 Tryggja upplýsingaflæði til borgarbúa, samstarfsaðila og starfsmanna | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með upplýsingagjöf á heimasíðu | * | * | 80% |
| | 02. % starfsmanna sem telur sig fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan síns vinnustaðar og snertir starf þeirra | 100% | 100% | 100% |
| | 03. % erindisferla sem eru aðgengilegir á heimasíðu | 0 | * | 1 |
| 04 Tryggja einfalda og gegnsæja stjórnsýslu | 01. % erinda sem berast með rafrænum hætti (myndapantanir) | 20% | 50% | 55% |
| | 02. % Fjöldi tölvuskráðra mynda | 20% | 21% | 22% |
| | 03. Fjöldi gesta sem nýta sér ljósmyndaleitarvef | * | * | 2000. |
| 05 Í borgarmyndinni sé sögu borgarinnar ávallt sýnd virðing og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi | 01. Fjöldi merktra menningarminja (Ljósmyndastofur) | 0 | 0 | 1 |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Raun 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **04 Mannauður** | | | | |
| 01 Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi | 01. % ánægðra með starf sitt | 100% | 100% | 100% |
| | 02. % ánægðra með vinnuaðstöðu | 100% | 100% | 100% |
| | 03. % starfsmanna sem telur að starfsandinn sé góður | 100% | 100% | 100% |
| | 04. % starfsmanna sem eru ánægðir með laun sín miðað við laun fyrir sambærileg störf annars staðar | 75% | 33% | 90% |
| | 05. % starfsmanna sem hafa starfað lengur en 3 ár | 60% | 60% | 80% |
| 02 Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi | 01. % starfsmanna sem telur samvinnu við samstarfsmenn góða | 100% | 100% | 100% |
| | 02. % starfsm. sem telur auðvelt að samræma starf og fjölskyldulíf | 100% | 100% | 100% |
| 03 Stuðla að jafnræði og og jafnrétti | 01. % karla/kvenna í stjórnunarstöðum | 0/100 | 0/100 | 0/100 |
| 04 Efla þekkingu og frumkvæði | 01. % starfsmanna sem fara í árlegt starfsmannasamtal | 75% | 100% | 100% |
| | 02 % starfsmanna sem tekur þátt í árlegri símenntunaráætlun | 25% | 100% | 100% |
| | 03. % starfsm. sem telur að tillit sé tekið til hugm. þeirra varðandi starfsemina | 75% | 100% | 100% |
| | 04. % starfsmanna sem upplifir starfsþróun | 75% | 100% | 100% |
| 05 Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma | 01. % starfsmanna sem telur að hæfni þeirra nýtist í starfi | 75% | 100% | 100% |

## 2.5 Menningarmiðstöðin Gerðuberg

### *2.5.1 Inngangur*

Í fyrirliggjandi starfsáætlun fyrir árið 2005 er þess gætt að viðburðir sem stofnunin stendur fyrir séu fjölbreytilegir og höfði til breiðs aldurshóps og taki sem fyrr mið af leiðarljósi Gerðubergs sem er að vera; Uppbyggjandi, fræðandi, leiðandi á sínu sviði og skemmtilegt.

Ýmsar breytingar og ráðstafanir hafa verið gerðar til hagræðingar og lækkunar á rekstrar kostnaði á undanförnum árum. Ljóst er að ekki verður mikið svigrúm til þess að bæta inn í starfsáætlun verkefnum sem spennandi hefði verið að sinna og ber þar hæst skrásetningu listaverkaeignar Gerðubergs, úr listsmiðjunni Gagn og gaman, í viðurkennt skráningarkefi og kynningu á þessu einstaka safni. Slíkt safn mun ekki eiga sér hliðstæðu hér á landi og óvíða erlendis.
Listsmiðjan hefur verið starfrækt í 18 ár og í safninu eru um 1000 verk. Safnið hefur vakið mikla athygli lærðra sem leikinna og hefur verið bent á ágæti þess að safnið yrði aðgengilegt nemendum, t.d. í uppeldis- og kennslufræðum við Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands sem og kennurum, fræðimönnum og öðrum sem áhuga hafa.
Til þess að geta sinnt þessu af alvöru þyrfti að ráða starfsmann í hálft starf. Sú þekking sem og reynsla sem safnast hefur í Gerðubergi af listrænu starfi með börnum, fellur vel að þeirri grein í menningarstefnu Reykjavíkurborgar þar sem segir að lögð skuli áhersla á að menning og listir séu snar þáttur í uppeldi barna. Það fjármagn sem þarf til þess að sinna þessu aðkallandi verkefni rúmast því miður ekki í rekstraráætlun Gerðubergs fyrir 2005, þó aðkallandi sé.
Nú eru sýningar úr safninu hjá Umboðsmanni barna, á Miðstöð heilsuverndar barna í Reykjavík og á Barnaspítala Hringsins.

Starfsáætlun Gerðubergs hefur á undanförnum árum staðist þrátt fyrir þröngan ramma og er því góður mælikvarði á árangur stofnunarinnar. Jafnframt því hefur tekist að bæta við nokkrum atriðum í starfsáætlunina sem ekki var gert ráð fyrir, ýmist með stuðningi og/eða samstarfi við ýmsa aðila og fagfélög. Samstarfsaðilar við hin ýmsu verkefni og viðburði eru 84 talsins.

### *2.5.2 Hlutverk*

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er alhliða menningarmiðstöð sem leggur áherslu á gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista. Í Félagsstarfinu lýtur starfið bæði að huga og hönd, fyrirbyggir og dregur úr félagslegri einangrun í samræmi við samþykkt fyrir Menningarmiðstöðina um hlutverk og verkefni hennar.

### *2.5.3 Leiðarljós*

Að vera uppbyggjandi, fræðandi, leiðandi á sínu sviði og skemmtilegt. Taka mið af fjölbreyttu menningarsamfélagi borgarinnar og tryggja gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista.

### *2.5.4 Meginmarkmið*

**Að styrkja ímynd Gerðubergs sem menningarstofnunar í höfuðborginni**

Leiðir:

- að dagskrá sem boðið er upp á sé fjölbreytt og metnaðarfull
- að höfða til breiðs aldurshóps í verkefnavali og framsetningu
- að efla tengsl við innlendar sem erlendar stofnanir og aðila bæði hvað varðar listræna viðburði og fræðslu
- að auka samvinnu við fyrirtæki, stofnanir og hópa innan sem utan borgarkerfisins

**Að minna stöðugt á starfsemi og möguleika hússins**

Leiðir:

- með því að heimasíða Gerðubergs gefi ávallt sem gleggsta og besta mynd af þjónustu og framboði Gerðubergs
- með reglulegum auglýsingum í fjölmiðlum
- með útgáfu á kynningarefni um Gerðuberg á íslensku, dönsku og ensku
- með fyrirtaks þjónustu við viðskiptavini hússins
- með markvissri leit að nýjum viðskiptavinum og samstarfsaðilum

**Að stuðla að fjölbreyttari menningardagskrá og mæta þörfum ólíkra hópa þjóðfélagsins**

Leiðir:

- að vera bakhjarl fyrir ýmsa aðila sem standa að menningarviðburðum
- að styðja við einstaka listamenn og/eða hópa og samtök þeirra með æfinga- og/eða sýningaraðstöðu og leggja til þá fagþekkingu sem starfsmenn Gerðubergs búa yfir

- með því að efla tengsl milli kynslóða og gefa innsýn í mismunandi þekkingar, menningar og reynsluheima
- að vera í fararbroddi með listrænt starf með og fyrir börn og unglinga

**Að stuðla að varðveislu menningarverðmæta**

Leiðir:

- með útgáfu á Sjón-, Tón- og Ritþingum Gerðubergs
- með útgáfu bókar um starfsemi Listsmiðjunnar Gagns og gamans
- með útgáfu á Íslensku einsöngslögunum
- með söfnun á myndverkum eftir börn úr listsmiðjunni Gagn og gaman og tryggja frágang og varðveislu listaverkanna og skráningu þeirra í viðurkennt skráningarkerfi

**Að efla hlutverk Félagsstarfs Gerðubergs bæði hvað varðar félagslega samveru og skapandi starf**

Leiðir:

- að tryggja jafnan rétt til þátttöku
- að bjóða fræðslu og kynningu á hinum ýmsu þjóðfélagsmálum
- að virða þekkingu, reynslu og hæfileika þátttakenda og hvetja til frumkvæðis þeirra og sjálfstæðra athafna
- að styrkja sjálfstæði og vellíðan gesta með ýmiskonar menningar– og listsköpun
- að bjóða upp á fjölbreytta starfsemi s.s.: tónlistar- og kórastarf, sjálfboðaliðahópa, íþróttir og útivist, tölvukennslu, myndlistarsýningar og handverk
- að tryggja að þátttakendur í starfinu njóti niðugreiðslu matar í veitingasölu
- að leita eftir samvinnu við fyrirtæki og félagasamtök

**Að Listsmiðjur Gerðubergs, Gagn og gaman, haldi framsækinni sérstöðu sinni í listrænu starfi fyrir börn og unglinga**

Leiðir:

- að örva sköpunarhæfni barna og hvetja þau til tjáningar
- að gefa börnum tækifæri á að vinna við ólík listform undir leiðsögn starfandi listamanna
- að stuðla að því að börn á ólíkum aldri og af ólíkum uppruna vinni saman að sameiginlegum og skapandi verkefnum
- að sýna reglubundið myndverk úr listsmiðjunum Gagn og gaman og skrásetja safnið í viðurkennt skráningarkefi
- Að koma listaverkaeigninni á framfæri við fyrirtæki og stofnanir. List og menningu barna til framdráttar

**Að stuðla að starfsþróun og starfsánægju**

Leiðir:

- með starfsmannasamtölum
- með sveigjanlegum vinnutíma
- með því að stuðla að heilsueflingu starfsmanna
- með því að hvetja til símenntunar starfsmanna með 1,5% framlagi af launalið
- með því að bæta vinnuaðstöðu starfsmanna
- með því að gera símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn
- með árlegri þátttöku í viðhorfskönnun meðal fastra starfsmanna

*2.5.5 Markmið 2005*

1. Viðburðaáætlun (sjá fylgiskjal II)
2. Útgáfa:
- Sjónþing Reynis Vilhjálmssonar
- Sýningar –og efnisskrár
- Útgáfa á almennu kynningarefni á ensku og dönsku
- Kynningarefni á ensku á heimasíðu Gerðubergs
3. Leita samstarfs við kostunaraðila vegna viðburða
4. Að gera reglulegar skoðanakannanir meðal gesta Gerðubergs
5. Að leggja áherslu á innra starf Gerðubergs
6. Að halda sem jöfnustu kynjahlutfalli starfsmanna sem og þátttakenda í viðburðum sem Gerðuberg stendur fyrir
7. Að innleiða nýja vinnuferla skv. tilmælum frá stjórnsýslu borgarinnar
8. Að geta brugðist við ábendingum, tilmælum eða áskorunum um viðbót og nýjungar í starfsemi hússins
9. Að auka tengsl við nýbúa og hvetja þá til þátttöku í fjölbreyttu starfi Gerðubergs

### 2.5.6 *Yfirlitstölur*

**Tafla 2-20 Yfirlitstölur Menningarmiðstöðvar Gerðubergs 2003 - 2005**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | **Ársreikningur 2003** | **Upphafleg áætlun 2004** | **Endursk. áætl. 2004** | **Útkomuspá 2004** | **Áætlun 2005** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | | |
| | 7.821 | 6.122 | 6.122 | 7.100 | 7.100 |
| **Gjöld** | | | | | |
| | 63.512 | 65.288 | 67.513 | 69.710 | 66.405 |
| **Innri leiga** | 16.085 | 16.390 | 16.390 | 16.390 | 16.897 |
| **Ráðstafað samtals** | **71.776** | **75.556** | **77.781** | **79.000** | **76.202** |
| (Ráðstöfun afgangs) / greiðsla halla | | | | | |
| **Framlag borgarsjóðs / áætlun ársins** | **71.776** | **75.556** | **77.781** | | **76.202** |
| Flutt frá fyrra ári | | 2.611 | 2.611 | | 1.392 |
| **Til ráðstöfunar** | | **78.167** | **80.392** | | **77.594** |

***Nánari sundurliðun***

| | **Útkoma 2003** | **E. áætl 2004** | **Útk spá 2004** | **Áætlun 2005** |
|---|---|---|---|---|
| **Gjöld** | 74.836 | 80.624 | 83.600 | 81.762 |
| **Tekjur** | -7.821 | -6.122 | -7.100 | -7.100 |
| **Mismunur** | 67.015 | 74.524 | 76.500 | 74.662 |
| **Lausafjárkaup** | 4.759 | 3.257 | 2.500 | 1.540 |
| **Samtals** | 71.776 | 77.781 | 79.000 (án.afg. f.f.á) | 76.202 |

### 2.5.7 *Þriggja ára áætlun*

**Tafla 2-21 Þriggja ára áætlun Menningarmiðstöðvar Gerðubergs 2006 - 2008**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | **2005** | **2006** | **2007** | **2008** |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | |
| | 7.100 | 7.100 | 7.100 | 7.100 |
| **Gjöld** | | | | |
| | 66.405 | 66.405 | 66.405 | 66.405 |
| **Innri leiga** | 16.897 | 16.897 | 16.897 | 16.897 |
| **Ráðstafað samtals** | **76.202** | **76.202** | **76.202** | **76.202** |
| (Ráðstöfun afgangs) / greiðsla halla | | | | |
| **Framlag borgarsjóðs / áætlun ársins** | **76.202** | **76.202** | **76.202** | **76.202** |
| Flutt frá fyrra ári | 1.392 | 1.392 | 1.392 | 1.392 |
| **Til ráðstöfunar** | **77.594** | **77.594** | **77.594** | **77.594** |

### *2.5.8 Lykiltölur*

**Tafla 2-22 Lykiltölur Menningarmiðstöðvar Gerðubergs**

| | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi íbúa í Reykjavík | 112.000 | 112.500 | 112.500 | 112.500 |
| Gestafjöldi samtals | 163.000 | 167.000 | 167.000 | 165.000 |
| Rekstarkostnaður per íbúa, kr. | 591 | 465 | 465 | 479 |
| Rekstarkostnaður á hvern gest, kr. | 377 | 351 | 351 | 364 |
| Sértekjur | | -6.426 | -5.692 | -6.122 |
| Sértekjur á gest | 79 | 38 | 34 | 37 |
| Rúmmetrafjöldi húsnæðis óbreytt | 3.304 | 3.304 | 3.304 | 3.304 |
| Fjöldi nemenda í skólaheimsóknum | 800 | 1.600 | 1.200 | 1.200 |
| Fjöldi viðburða | 23 | 23 | 22 | 20 |

| | 2002 | 2003 | Útkomuspá 2004 | Áætlun 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **Starfsmenn** | | | | |
| Fastráðinn ársverk | 12,35 | 13 | 12*) | 12 |
| Lausráðin ársverk | 2,8 | 2,8 | 3 | 3 |
| Ársverk samtals | 15,15 | 15,8 | 15 | 15 |
| Hlutfall karla í störfum | 33% | 40% | 40% | 40% |
| Hlutfall kvenna í störfum | 67% | 60% | 60% | 60% |
| Fjöldi karla í störfum embættismanna | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjöldi kvenna í störfum embættismanna | 1 | 1 | 1 | 1 |

*) Hálft stöðugildi í ræstingu fært í verktöku 04

### *2.5.9 Breytingar á þjónustu og rekstri*

Í nóvember verða gerðar umtalsverðar breytingar á heimasíðu Gerðubergs og mun það stuðla að aukinni þjónustu. Vonir eru bundnar við að hægt sé að halda sama þjónustustigi í Félagsstarfinu, með tilkomu yfirfærslu á fjárveitingu Félags-þjónustunnar á niðurgreiðslu matar og aksturs til Gerðubergs á síðasta ári, þrátt fyrir stöðuga aukningu á þátttakendum. Til að mæta þeim kostnaði verður tekið upp þátttökugjald sem öllum gestum félagsstarfsins ber að greiða.

Gerður var samningur við Barnaspítala Hringsins til 3ja ára um 2 sýningar á ári í húsnæði spítalans. Jafnframt var undirritaður samningur til 3ja ára milli Félags-starfssins og Garðyrkjufélags Reykjavíkur um fræðslu- og kynningarstörf. Einnig voru undirritaðir samningar milli Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og Félagsstarfsins um verkefnið Kynslóðir saman í Breiðholti og taka Hólabrekkuskóli, Fellaskóli, Seljaskóli og Ártúnsskóli þátt í verkefninu.
Undirritaður var leigu- og rekstrarsamningur til 3ja ára um rekstur veitingasölu.

Í febrúar keypti Gerðuberg talningarbúnað frá fyrirtækinu Peocon. Kerfið telur inn gesti og var það gleðiefni að komast að því að áætlanir sl. ára á gestafjölda var á rökum reistur.

Lokið var við breytingar á starfsmannaálmu á jarðhæð hússins sem aðallega fólu í sér stækkun á gluggum. Þakka ber Fasteignastofu fyrir framkvæmdina sem hefur gjörbreytt vinnuumhverfi starfsmanna til hins betra. Við þessar breytingar bættist jafnframt við salur sem notaður er til útleigu.

Stefnt er að sama opnunartíma og verið hefur en þó er settur sá fyrirvari að draga þurfi úr opnunartíma með sparnað og hagræðingu í huga.

### *2.5.10 Samantekt*

Mjög aðkallandi er að fjármagn fáist til að lagfæra og endurnýja lóð og aðkomu að Gerðubergi en nánast engin fjárveiting hefur fengist í slíkar framkvæmdir á þeim rúmlega 20 árum sem Gerðuberg hefur starfað. Gerðuberg hefur frá upphafi átt mjög gott samstarf við tónlistarmenn og staðið fyrir

fjölda tónleika og ber þar sennilega hæst Ljóðatónleikar Gerðubergs sem eru á 16. starfsári og Dagar hljóðfæranna undanfarin 7 ár í samstarfi við FÍT. Með tilkomu tónlistarhúss Kópavogs, Salarins hefur aðstaða til tónleikahalds breyst verulega til batnaðar fyrir tónlistarmenn en breytir ekki því að sambærilega aðstöðu er ekki að finna í Reykjavík. Ef fjármagn fengist til þess að gera breytingar á þaki og lofthæð A-salar Gerðubergs, yrði það ekki aðeins lyftistöng fyrir orðspor Gerðubergs er varðar tónlistarhald og flutning á tónlist, heldur einnig fyrir Reykjavíkurborg. Það yrði Gerðubergi gleðiefni að geta í nafni Reykjavíkurborgar, staðið fyrir tónleikahaldi og tryggt gott aðgengi tónlistarmanna að salarkynnum sem uppfylla þær kröfur sem gera verður til tónlistarhalds.

Gerðuberg mun áfram keppast við af fremsta megni að tryggja gott aðgengi borgarbúa á öllum aldri að viðburðum og fræðslu á sviði menningar og lista eins og segir til um í samþykkt fyrir stofnunina.

### *2.5.11 Rekstraryfirlit*

**Tafla 2-23 Rekstraryfirlit Menningarmiðstöðvar Gerðubergs**

| Fjárhæðir í þús. kr. | kostn.st. | Reikningur 2003 | Áætlun 2004 | Endursk. áætl. 2004 | Útk. spá 2004 | Frumvarp 2005 Gjöld | Frumvarp 2005 Tekjur | Frumvarp 2005 Mism. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gerðuberg | 3500 | 71.776 | 75.556 | 77.781 | 79.000 | 83.302 | 7.100 | 76.202 |
| **Samtals** | | **71.776** | **75.556** | **77.781** | **79.000** | **83.302** | **7.100** | **76.202** |

### *2.5.12 Viðburðaáætlun*

**Tafla 2-24 Viðburðaáætlun Menningarmiðstöðvar Gerðubergs 2005**

**JANÚAR:**

**15. janúar – 27.febrúar.** Rosemarie Trockel – ljósmyndasýning. Samstarf við Göethe-Zentrum og Listaháskóla Íslands
**21. janúar – 13.mars** Í Boganum. Sigríður í Vigur sýnir listaverk úr mannshárum

**FEBRÚAR:**

Barnaóperan Undir drekavængnum. Samstarf við Strengjaleikhúsið
Drög að óperu –Óperusmiðjuvinna/ Tónþing í samstarfi við F.Í.T.
Þátttaka í Vetrarhátíð
Opnun sýningar á Barnaspítala Hringsins úr listaverkasafni Gagn og gaman

**MARS**:

**5. mars – 24. apríl.** „Hratt og hömlulaust"- sýning og ráðstefna í nafni Ljósbera. Samstarfsaðilar: ÍTR, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Félagsþjónustan, Lögreglan í Reykjavík, Lögreglan í Kópavogi, Samfok, Neyðarmóttakan og Landlæknisembættið.
**12. mars - 17. apríl.** Í Boganum. María Jónsdóttir sýnir klippimyndir og myndir málaðar á mulið grjót
**12. mars.** Barnabókaráðstefna í minningu 200 ára afmælis H.C. Andersen- samstarf við IBBÝ, Síung, Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur, Borgarbókasafnið og Félag skólasafnskennara

**APRÍL**:

**2. apríl.** Ritþing.
**2 - 24. apríl.** Sýning í tengslum við Ritþing
**22. apríl – 11. sept.** Í Boganum. Lóa Guðjónsdóttir sýnir vatnslitamyndir og fl.
**30. apríl – 11. sept.** Stefnumót við safnara II

**MAÍ**:

**29. apríl- 6. maí.** Menningardagar í Félagsstarfi,- kynning, fræðsla, tónlist, myndlist, og fl.
Safnarasýningin stendur fram að sumarleyfislokun 1. júlí

**JÚNÍ – JÚLÍ- ÁGÚST:**

Listsmiðjur Gagn og gaman. Þriggja vikna smiðja og sérhæfðar vikusmiðjur
**10. ágúst – 11. september**. Stefnumót við safnara II opnar aftur eftir sumarleyfi

## SEPTEMBER:

**16. september – 6. nóvember.** Myndlistarsýning í Boganum. Klippimyndir eftir Einar Árnason alþýðulistamann frá Breiðdalsvík.
**24. september – 13. nóvember.** Sjónþing/yfirlitssýning. Íslensk hönnun
**24. september – 13. nóvember.** Söguleg sýning á skírnarkjólum á Íslandi
**September.** Dagur hljóðfærisins 2005- „Fiðlan" í samstarfi við F.Í.T.

## OKTÓBER:

**16.október.** Ljóðatónleikar Gerðubergs
Opnun sýningar á Barnspítala Hringsins úr listaverkaeign Gagns og gaman.
Útgáfa á Ritþingi

## NÓVEMBER:

**11. nóvember – janúar 2006.** Í Boganum. Sólveig Eggertz sýnir m.a. myndir málaðar á rekavið.
**19. nóvember.** Viltu lesa fyrir mig? Fjölskyldudagskrá og opnun sýningarinnar
Þetta vilja börnin sjá! Myndskreytingar úr íslenskum barnabókum ársins 2005

## DESEMBER:

**5. desember.** Dimmalimm– Íslensku myndskreytiverðlaunin. Í samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda, og Félag íslenskra teiknara

### *2.5.13 Skorkort*

## Skorkort Menningarmiðstöðvar Gerðubergs 2005

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **01 Þjónusta** | | | | |
| 01 Menningarstofnanir gegni hlutverki sínu á farmúrskarandi hátt | 01. Aðsókn að Gerðubergi | 167.000 | 165.000 | 165.000 |
| | 02. Ánægja með starfsemi Gerðubergs | * | 91% | 91% |
| | 03. Fjöldi menningarviðburða á vegum Gerðubergs | 22 | 20 | 21 |
| 02 Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna | 01. Fjöldi menningarviðburða fyrir börn og fjölskyldur | 7 | 6 | 7 |
| | 02. Ánægja með menningarstarf fyrir börn og fjölskyldur | 88% | 84% | 95% |
| | 03. Fjöldi heimsókna skólabarna og barna í tómstundastarfi | 1.200 | 1.200 | 1.200 |
| 03 Markviss stuðningur við menningu og listsköpun borgarbúa | 01. Ánægja listamanna/faghópa með samstarf við Gerðuberg | * | * | * |
| | 02. Stuðningur Gerðubergs við listamenn og hópa | 40 | 44 | 45 |
| 04 Áhersla á aðgengi og þátttöku allra þjóðfélagshópa að/í menningu og listum | 01. Framboð kynningarefnis á erlendum tungumálum | 1 | 2 | 2 |
| | 02. Aðgengi fatlaðra og leiðsögn fyrir sjón- og heyrnarskerta | 3 | 4 | 4 |
| | 03. Fjöldi menningarviðburða með þátttöku nýbúa | 4 | 4 | 4 |
| | 04. Styrkir til fjölmenningarlegra viðburða | * | 1 | 1 |
| 05. Reykjavík sé alþjóðleg-borg þar sem menningar-leg sérstaða hennar nýtur sín | 01.Þátttaka í alþjóðlegum viðburðum á vegum borgarinnar | * | * | * |
| | 02. Þátttaka í faglegu samstarfi erlendis | * | * | * |
| | 03. Fjöldi verkefna sérstaklega eru sniðin að þörfum erl. gesta | * | * | * |
| | 04. Fjöldi verkefna sem koma ísl. Listam./fagfólki á framfæri erl. | * | * | * |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **02 Fjármál** | | | | |
| 01 Tryggja góða og hagkvæma nýtingu og stýringu fjármuna | 01. Kostnaðaráætlun vs. raun | 104% | 100% | 100% |
| | 02. Tekjuáætlun vs. raun | 78% | 100% | 100% |
| | 03. Frávik frá rekstraráætlun | 1%- | 0% | 0% |
| 02 Stuðla að verðmætasköpun | 01. Mælikvarði í þróun | * | * | * |
| 03 Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða | 01. Kostnaður pr. gest | 312 | 351 | 351 |
| | 02. Sértekjur pr. gest | 38 | 34 | 35 |
| | 03. Kostnaður á einingu (borgarbúa) | 520 | 515 | 515 |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **03 Verklag** | | | | |
| 01 Tryggja góða og skilvirka þjónustu sem einfalt er að nálgast | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með þjónustu | 70% | 88% | 90% |
| | 02. % viðskiptavina sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna | 80% | 91% | 95% |
| | 03. % viðskiptavina sem telur sig fá skilvirka þjónustu | 52% | 91% | 90% |
| | 04. Framfylgni þjónustusamninga | 25% | 50% | 80% |
| 02 Tryggja skýrar og skilvirkar ábendingarleiðir | 01. % skilgreindra vinnuferla yfir meginþætti starfsins | 50% | 70% | 80% |
| | 02. % starfsmanna með aðgang að skilgreindum ferlum | 70% | 80% | 90% |
| 03 Tryggja upplýsingaflæði til borgarbúa, samstarfsaðila og starfsmanna | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með upplýsingagjöf á heimasíðu | 94% | 64% | 95% |
| | 02. % starfsmanna sem telur sig fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan síns vinnustaðar og snertir starf þeirra | 70% | 50% | 85% |
| | 03. % erindisferla sem eru aðgengilegir á heimasíðu | * | * | * |
| 04 Tryggja einfalda og gegnsæja stjórnsýslu | 01. % erinda sem berast með rafrænum hætti | 20% | 30% | 50% |
| | 02. % starfsm. sem eru ánægðir með tölvuþjónustu | * | 70% | 70% |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlað 2004 | Markmið 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **04 Mannauður** | | | | |
| 01 Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi | 01. % ánægðra með starf sitt | 84% | 88% | 90% |
| | 02. % ánægðra með vinnuaðstöðu | 80% | 88% | 85% |
| | 03. % starfsmanna sem telur að starfsandinn sé góður | 75% | 50% | 90% |
| | 04. % starfsmanna sem eru ánægðir með laun sín miðað við laun fyrir sambærileg störf annars staðar | 18% | 13% | 35% |
| | 05. % starfsmanna sem hafa starfað lengur en 3 ár | 45% | 60% | 70% |
| 02 Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi | 01. % starfsmanna sem telur samvinnu við samstarfsmenn góða | 80% | 63% | 85% |
| | 02. % starfsm. sem telur auðvelt að samræma starf og fjölskyldulíf | 81% | 88% | 85% |
| 03 Stuðla að jafnræði og jafnrétti | 01. % karla/kvenna í stjórnunarstöðum | 25/75 | 20/80 | 20/80 |
| 04 Efla þekkingu og frumkvæði starfsfólks | 01. % starfsmanna sem fara í árlegt starfsmannasamtal | 72% | 63% | 100% |
| | 02 % starfsmanna sem tekur þátt í árlegri símenntunaráætlun | 26% | 38% | 50% |
| | 03. % starfsm. sem telur að tillit sé tekið til hugm. þeirra varðandi starfsemina | 50% | 63% | 60% |
| | 04. % starfsmanna sem upplifir starfsþróun | 53% | 63% | 100% |
| 05 Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma | 01. % starfsmanna sem telur að hæfni þeirra nýtist í starfi | 71% | 88% | 100% |

## 2.6 Minjasafn Reykjavíkur

### *2.6.1 Inngangur*

Helstu verkefni Minjasafns Reykjavíkur árið 2005 eru að *safna, varðveita og miðla þekkingu um menningarsögu Reykjavíkur.*

Á árinu 2004 hefur verið unnið að stefnumótun fyrir Minjasafnsins til næstu fjögurra ára. Stefnumótun leggur línur í starfi safnsins til næstu ára og er unnin samkvæmt ákvæðum safnalaga og í samræmi við *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008*. Þar er sett fram stefna um meginþætti starfsemi safnsins; söfnun og varðveislu, miðlun, rannsóknir og þjónustu og lögð áhersla á hlutverk Minjasafns Reykjavíkur sem höfuðborgarsafns og stærsta útisafns landsins. Skylda þess er að varðveita og miðla þekkingu um menningararf borgarinnar. Á árinu 2005 verður unnin nánari stefnumótun um einstaka þætti, eins og söfnunarstefnu þar sem söfnunarsvið og söfnunarsvæði safnins eru skilgreind.

Á starfsárinu 2005 mun rekstrarhalli frá árunum 2001-2003 enn setja mark sitt á starfsemi safnsins. Nauðsynlegt var að draga úr starfsemi á árinu 2004 og verður svo einnig áfram. Sýningar á safnsvæði verða færri, en markmiðið er þó að draga ekki frekar úr sumardagskrá en gert var 2004, þar sem það gæti leitt til enn frekari fækkunar gesta. Fyrirsjáanlegt er að gestum fækki á árinu 2004, íslenskir sumargestir voru færri og tekjur af aðgangseyri þar með lægri. Vegna verkfalls kennara verða skólanemendur færri, en einnig vegna þess að nauðsynlegt var að losa eina stöðu safnkennarara í ársbyrjun 2004 í sparnaðarskyni.

Á sviði minjavörslu er unnið að skráningu fornleifa og húsa, en það er forsenda fyrir markvissu starfi að verndun og varðveislu menningarminja í borginni. Skráning menningarminja, fornleifa og húsa, er þáttur í skipulagsgerð. Samkvæmt ákvæðum þjóðminjalaga er skylt að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess og á það við um öll skipulagsstig. Undanfarin þrjú ár hefur farið fram fornleifaskráning á Kjalarnesi og endurskoðun á fornleifaskrá Reykjavíkur frá 1995. Því er sett fram ósk um áframhaldandi fjárveitingu til fornleifaskráningar, sjá fjárhagsáætlun fyrir kostnaðarstað 03702 í töflu 2-28 Rekstraryfirlit.

Á sama hátt eru lagaákvæði um að skylt sé að gera húsakannanir í þegar byggðum hverfum áður en unnið er þar deiliskipulag. Mikil vinna er nú við deiliskipulagsgerð í elstu hverfum borgarinnar og áfram verður því mikil vinna við gerð húsakannana. Því sér ekki stað í fjárhagsáætlun Minjasafns, töflu 2-25.

Verkefnastjórn um menningarminjar við Aðalstræti, sem skipuð var um mitt ár 2004, hefur það hlutverk að vinna áætlun um sýningargerð í landnámsskála og því verkefni sér ekki stað í fjárhagsáætlun Minjasafns.

Minjasafn Reykjavíkur tekur þátt í verkefni sem styrkt er af Gruntvig menntaáætluninni, Making Womens History in Europe Visible, í samstarfi við söfn og stofnanir í Austurríki, Danmörku, Grikklandi, Spáni og Þýskalandi.

### *2.6.2 Hlutverk*

Samkvæmt samþykkt fyrir Minjasafn Reykjavíkur skal það *„stuðla að varðveislu menningarsögulegra minja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og aðrir gestir hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar”.* Samþykkt safnsins og menningarstefna Reykjavíkurborgar, ásamt safnalögum, nr. 106/2001, þjóðminjalögum nr. 107/2001 og lögum um húsafriðun, nr 104/2001, eru rammi um starfsemi Minjasafns Reykjavíkur.

Samkvæmt skilgreiningu safnalaga, er safn:
*... stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.*

Minjasafn Reykjavíkur gegnir því mikilvæga hlutverki að standa vörð um menningararf og sérkenni Reykjavíkur, sinna rannsóknum á menningarsögu borgarinnar og veita fræðslu um hana. Minjasafn Reykjavíkur sinnir minjavörslu í borgarlandinu og borgarminjavörður, sem er minjavörður í Reykjavík samkvæmt ákvæðum þjóðminjalaga, skal hafa umsjón og eftirlit með menningarsögulegum minjum í Reykjavík.

### *2.6.3 Leiðarljós*

Minjasafn Reykjavíkur safnar, varðveitir og rannsakar menningarminjar í Reykjavík og miðlar þekkingu um sögu og lífskjör íbúa frá upphafi byggðar til líðandi stundar. Starf safnsins miðar að því að glæða áhuga, skilning og virðingu fyrir sögu Reykjavíkur og tryggja

að allir hafi aðgang að menningararfi höfuðborgarinnar.

### 2.6.4 *Meginmarkmið*

- Að standa vörð um menningarsögulegar minjar í borgarlandinu. Grunnur minjavörslunnar er vönduð skráning fornleifa, húsa og muna.
- Að tryggja örugga varðveislu muna í geymslum og safnhúsum Árbæjarsafns.
- Að bjóða vandaðar og fræðandi sýningar um menningu og sögu Reykjavíkur.
- Að standa fyrir fjölbreytilegum viðburðum í Árbæjarsafni, Viðey og á minjasvæðum, sem hafi það að leiðarljósi að vekja áhuga á menningu og sögu borgarinnar.
- Að efla fræðslustarf og þjónustu fyrir fjölskyldur með námskeiðum, dagskrám og leiksvæði við ÍR-hús.
- Að gera sýningar og útisvæði aðgengilegri.
- Að efla og kynna rannsóknarstarf.
- Að efla nýtingu nýrra miðla við fræðslu og kynningu á starfsemi og rannsóknum.
- Að bæta aðstöðu starfsmanna og stuðla að aukinni þekkingu og færni.

### 2.6.5 *Markmið 2005*

- Að setja stefnu um söfnun, rannsóknir, miðlun og þjónustu.
- Að halda áfram skráningu fornleifa og muna í skráningarkerfið Sarp.
- Að taka þátt í þróun á húsaskrá í Sarpi, í samstarfi við Húsafriðunarnefnd ríkisins.
- Að setja upplýsingar um 50% skráðra fornleifa í Borgarvefsjá.
- Að þróa áfram öryggisáætlun til að bæta varðveisluskilyrði í geymslum og safnhúsum.
- Að móta eftirlitsáætlun með ástandi safnhúsa, mælingum og vinnslu niðurstaðna.
- Að vinna að neyðaráætlun fyrir safnið í samvinnu við slökkvilið og fleiri.
- Að þróa verkferla fyrir öryggisþætti safnsins.
- Að halda áfram rannsóknum á húsum í Reykjavík.
- Að setja upp eina sérsýningu í Árbæjarsafni.
- Að endurnýja sýningu í einu af safnhúsum Árbæjarsafns.
- Að vinna að endurgerð ÍR-húss.
- Að undirbúa sýningu og aðstöðu fyrir móttöku hópa í ÍR-húsi.
- Að bæta heimasíðu og uppfæra reglulega.
- Að auka hlut texta á ensku á heimasíðu í 50%.
- Að gefa út kynningarbækling fyrir erlenda ferðamenn.
- Að bjóða öllum nemendum 3. bekkja grunnskóla í Reykjavík akstur í safnið.
- Að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að ÍR-húsinu.
- Að skrá 20% óskráðs safnkosts starfsmannabókasafns.
- Að taka starfsmannasamtöl við alla fasta starfsmenn.
- Að gerðar verði símenntunaráætlanir fyrir alla fasta starfsmenn.
- Að framkvæma viðhorfskönnun meðal fastra starfsmanna einu sinni á ári.

### 2.6.6 *Yfirlitstölur*

**Tafla 2-25 Yfirlitstölur Minjasafns Reykjavíkur 2003 - 2005**

| **Liður** | **2003 útkoma** | **2004 áætl.** | **2004 endursk** | **2004 spá** | **Áætlun 2005** |
|---|---|---|---|---|---|
| Gjöld | 127.600 | 129.713 | 130.425 | 130.925 | 132.545 |
| *- þar af innri leiga* | *18.034* | *18.377* | *18.377* | *18.377* | *18.943* |
| *- gjöld án innri leigu* | *109.566* | *111.336* | *112.048* | *112.548* | *113.602* |
| Tekjur | 15.630 | 12.000 | 12.000 | 12.500 | 12.500 |
| **Mismunur heildargjalda og tekna** | **111.970** | **117.713** | **118.425** | **118.425** | **120.045** |
| Lausafjárkaup | 1.942 | 2.082 | 2.082 | 2.082 | 2.640 |
| **Minjasafn alls** | **113.912** | **119.795** | **120.507** | **120.507** | **122.685** |

### 2.6.7 *Þriggja ára áætlun*

**Tafla 2-26 Þriggja ára áætlun Minjasafns Reykjavíkur 2006 - 2008**

| *Fjárhæðir í þús. kr.* | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | | |
| | 12.500 | 12.500 | 12.500 | 12.500 |
| **Gjöld** | | | | |
| | 113.242 | 113.242 | 115.660 | 116.242 |
| **Innri leiga** | 18.943 | 18.943 | 18.943 | 18.943 |
| **Ráðstafað samtals** | **119.685** | **119.685** | **122.103** | **122.685** |
| (Ráðstöfun afgangs) / greiðsla halla | 3.000 | 3.000 | 582 | 0 |
| **Framlag borgarsjóðs / áætlun ársins** | **122.685** | **122.685** | **122.685** | **122.685** |
| Flutt frá fyrra ári | -6.582 | -3.582 | -582 | 0 |
| **Til ráðstöfunar** | **116.103** | **119.103** | **122.103** | **122.685** |

### 2.6.8 *Lykiltölur*

**Tafla 2-27 Lykiltölur Minjasafns Reykjavíkur**

| | 2002 | 2003 | Útkomuspá 2004 | Áætlun 2005 |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| Íbúar í Reykjavík | 112.500 | 113.387 | 114.294 | 115.208 |
| Gestafjöldi samtals | 58.000 | 57.000 | 54.000 | 55.000 |
| Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum | 9000 | 9000 | 7.000 | 7.000 |
| Rekstrarkostnaður pr gest (brúttó) kr. | 2.101 | 1.945 | 2.063 | 2.066 |
| Rekstrarkostnaður pr íbúa (nettó) kr. | 936 | 880 | 939 | 878 |
| Skráðar fornleifar í Reykjavik m. Kjalarnesi | 970 | 1.397 | 1.600 | 1.712 |
| Byggingar í umsjón MSR | 47 | 48 | 48 | 49 |
| Rúmmetrafjöldi húsnæðis Árbæjarsafns * | 12.200 | 13.825 | 13.825 | 14.000 |
| Útgáfur: skýrslur/sýningarskrár/bæklinar | 10 | 10 | 17 | 19 |
| Fastráðinn ársverk | 15 | 17 | 16 | 14 |
| Lausráðin ársverk | 5 | 4 | 5 | 5 |
| Ársverk samtals | 20 | 21 | 21 | 19 |
| Hlutfall karla í störfum % | 46 | 47 | 47 | 45 |
| Hlutfall kvenna í störfum % | 54 | 53 | 53 | 55 |

*Upplýsingar um rúmmetramál húsa í Viðey er ekki aðgengilegt.

### 2.6.9 *Breytingar á þjónustu og rekstri*

Lagt er til að sumaropnunartíma Árbæjarsafns verði breytt og að safnið verði opið á mánudögum, en á móti verði opnunartími styttur um eina klukkustund um helgar. Þannig verður opnunartími sá sami alla daga vikunnar, frá kl. 10 til kl. 17. Sótt er um leyfi til að hækka aðgangseyri sem hefur verið kr. 500 í fjögur ár í kr. 600. Með því móti er markmiðið að ná upp í kostnað vegna aukins opnunartíma. Hópar, 10 manns og fleiri, greiða hálfan aðgangseyri. Þess má geta að nú er ókeypis aðgangur fyrir börn yngri en 18 ára og eftirlaunaþega eldri en 67 ára, en því til viðbótar verður nú ókeypis aðgangur fyrir alla á föstudögum.

Í starfsáætlun 2004 kom fram að unnið verði að endurskoðun á rektri Viðeyjar, með það fyrir augum að draga úr rekstrarkostnaði. Frá áramótum 2005 verða lagðar eru niður tvær stöður ráðsmanna sem höfðu búsetu í eynni en ráðinn einn starfsmaður, verkefnastjóri, sem hefur umsjón með starfi í eynni. Nánar er gerð grein fyrir breyttum rekstri í Viðey í kafla 2.6.13.

*2.6.10 Samantekt*

Miðað við rekstarforsendur ársins 2005 verður enn leitast við að hagræða í rekstri. Því miður kann að verða óhjákvæmilegt að draga enn frekar úr starfsemi Minjasafns Reykjavíkur um sinn til að greiða upp halla af rekstri undanfarinna ára. Markmiðið er að það takist á næstu tveimur árum.

*2.6.11 Rekstraryfirlit*

**Tafla 2-28 Rekstraryfirlit Minjasafns Reykjavíkur**

| Fjárhæðir í þús. kr. | kostn.st. | Reikningur 2003 | Áætlun 2004 | Endursk. áætl. 2004 | Útkomuspá 2004 | Frumvarp 2005 Gjöld | Frumvarp 2005 Tekjur | Frumvarp 2005 Mismunur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Minjasafn Reykjavíkur | 3700 | 113.913 | 119.792 | 120.504 | 117.504 | 131.567 | 12.500 | 119.067 |
| Fornleifauppgröftur Kjalarnesi | 3702 | 2.128 | 3.500 | 3.513 | 3.513 | 3.618 | 0 | 3.618 |
| **Samtals** | | **116.041** | **123.292** | **124.017** | **121.017** | **135.185** | **12.500** | **122.685** |

*2.6.12 Viðburðaáætlun*

**Tafla 2-29 Sýningardagskrá Minjasafns Reykjavíkur 2005**

***Árbæjarsafn***

1. Endurnýjun sýninga í safnhúsum. Þingholtsstræti 9.
   Sex safnamenn sem jafnframt eru myndlistamenn munu opna sýninguna „sex pör", í húsinu í nóvember. Sýningin er unnin með styrk Menningarborgarsjóðs og mun standa fram í júní. Eftir það verður sett upp ný sýning þar sem fjallað verður um garða og gróður í Reykjavík fyrrum. Einnig verður í einu herbergi rakin saga hússins og íbúa í máli og myndum.
2. Leiksvæði sunnan við ÍR-húsið verður fullbúið vorið 2005. Þar verður „gamaldags" róluvöllur ásamt nestisaðstöðu fyrir almenna gesti og hópa. Safnið hlaut styrk úr Menningarborgarsjóði til að láta smíða "gamaldags" leiktæki.
3. ÍR-hús. Undirbúningur að stærsta sýningarverkefni Árbæjarsafns næstu tvö til þrjú árin er hins vegar gerð nýrrar sýningar í nýju safnhúsi, ÍR-húsinu, sem flutt hefur verið í safnið. Viðfangsefnið er börn og tómstundir í Reykjavík gefst þar tækifæri til að skapa nýjan og ferskuan ramma um barnastarf Árbæjarsafns. Þar verður lögð áhersla á móttöku barnahópa og skapandi starf af ýmsu tagi. Í ÍR-húsinu verður loksins hægt að bjóða upp á sýningarhús þar sem aðgengi fatlaðra er tryggt. Hugmyndavinna að nýrri sýningu og nýtingu hússins hófst haustið 2003 og er áætlað að ný sýning verði opnuð sumarið 2006. Samhliða hönnun og hugsun nýrrar sýningar verður rýmið hannað með það í huga að það nýtist fyrir skapandi barnastarf safnsins bæði sumar og vetur.

***Viðey***

1. Sýning í samstarfi við myndhöggvara og Listahátíð þar sem unnin verða með þátttöku barna og fjölskyldna. Þema er náttúra og umhverfi.
2. Fræðsluskilti. Sett verða upp fræðsluskilti við göngustíga sem voru endurbættir sumarið 2004. Verkefni er unnið með styrk frá Ferðamálaráði.

***Samstarfsverkefni***

1. Vegurinn til Zion. Sýning í Þjóðmenningarhúsi. Samstarf við Þjóðmenningarhús og Vesturfarasetur.
2. Ferdighus fra Strömmen. Sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur um norsk kataloghús, þar sem m.a. er fjallað um norsk hús Íslandi. Samstarf við Oslo bymuseum, Norska sendiráðið og Húsafriðunarnefnd ríkisins.
3. Making Womens History in Europe Visible. Verkefni sem styrkt er af Gruntvig menntaáætluninni. Samstarf við söfn og stofnanir í Austurríki, Danmörku, Grikklandi, Spáni og Þýskalandi. Markmið verkefnisins er m.a. gerð vefs um sögu kvenna í hverju landi.

*2.6.13 Viðey 2005*

***Leiðarljós***

Viðey er útivistarsvæði og vettvangur fræðslu um náttúru og menningarsögu frá 1. maí til 30. september ár hvert. Starfsemi á þeim tíma miðar að því að eyjan sé aðgengileg almenningi með reglubundum ferðum úr miðborginni og Sundahöfn.

***Starfsemi miðast að því að í boði verði***

- Fræðslustarf fyrir grunnskóla í maí og september og vinnuskóla og námskeiðshópa júní til ágúst.
- Gönguferðir með leiðsögn fyrir almenning einu sinni í viku (þriðjudagsgöngur)
- Leiðsögn fyrir hópa eftir samkomulagi.
- Sýningar um sögu og menningu eyjarinnar í skólahúsi.
- Menningarstarfsemi í samvinnu við einstaklinga og félagasamtök: Viðburðir, fræðsla, skemmtun, messur.

***Veitingarekstur***

Viðeyjarstofa verður leigð út til veitingarekstrar. Útboð fari fram fyrir árslok 2004 og miði við að samningur verði gerður 2005. Gert er ráð fyrir að veitingaaðili sjái um fleiri þætti en nú, s.s. aðflutning á vörum og fólki til og frá bryggju í Viðey.
Útboð miðist við eftirtalda kosti:

- Rekstur allt árið.
- Rekstur 9 mánuði (apríl til desember)
- Rekstur 5 mánuði (maí til september).

***Samgöngur***

Útboð fari fram fyrir árslok 2004 og miði við að samningur verði gerður 2005.

Áætlunarferði verði á tímabilinu 1. maí til 30. september úr miðborginni/gömlu höfninni og Sundahöfn.
Þjónustusamningur við Strætó bs. Umsjón og eftirlit með verktaka.
Greiðslur til verktaka og þóknun til Strætó bs. greiðist úr ramma MSR

Veitingaaðili semur beint við ferju um flutning á gestum á hans vegum.
Einnig aðrir hópar utan áætlunarferða.

***Rekstur á vegum Reykjavíkurborgar***

Búseta verður lögð af og tvö störf ráðsmanna lögð niður 1. janúar 2005.

*Verkefnisstjóri* verði ráðinn. Viðvera með búsetu að hluta til yfir sumarið maí-sept., vinnuaðstaða í Árbæjarsafni okt.- apríl.

Umsjón með rekstri í Viðey.
Eftirlit með eynni. Reglubundnar eftirlitsferðir yfir vetrartímann, okt.- apríl.
Umsjón með sumarstarfi og umhirðu.
Skipuleggur markaðs- og kynningarmál.
Skipuleggur fræðslustarf. Annast móttöku og leiðsögn hópa.
Tengiliður við verktaka (Viðeyjarstofa og ferja)
Tengiliður við borgarstofnanir: Fasteignastofu, Umhverfis- heilbrigðisstofu, Reykjavíkurhöfn, o.fl.

*Leiðsögumaður/fræðslufulltrúi* 3 mánuði (maí-sept).

Móttaka ferðamanna.
Leiðsögn.
Afleysing fyrir verkefnistjóra, helgar og sumarleyfi.

***Öryggisgæsla.***

Öryggiskerfi verða bætt og öryggisgæslu sinnt með fjargæslu, sbr. tillögur VSI okt. 2004. Fasteignastofa hefur umsjón með fasteignum og rekstri viðvörunarkerfa.

Í ársbyrjun 2005 fari fram endurbætur á öryggiskerfum þannig að nýtt fyrirkomulag öryggisgæslu verði tekið upp sem fyrst. Öryggisgæslufyrirtækið sér um vöktun og viðbragsáætlun er hluti af viðbragsáætlun Reykjavíkurhafnar þar sem Viðey er á hafnarsvæði. Öryggisgæslufyrirtækið gerir Neyðarlínu viðvart en þá fer af stað neyðaráætlun þar sem Reykjavíkurhöfn, slökkvilið og lögregla fá boð um vá og bregðast við.

Verkefnisstjóri er eftirlitsmaður með eynni og fer reglubundnar ferðir í eyna utan þess tíma sem starfsemi er þar á vegum Reykjavíkurborgar.

## *2.6.14 Skorkort*

### Skorkort Minjasafns Reykjavíkur 2005

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markm. 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **01 Þjónusta** | | | | |
| 01 Menningarstofnanir gegni hlutverki sínu á framúrskarandi hátt | 01. Aðsókn að Árbæjarsafni og Viðey | 57.000 | 55.000 | 55.000 |
| | 02. Ánægja með dagskrár og viðburði | 79% | 94% | 95% |
| | 03. Fjöldi nýrra sýninga | 2 | 2 | 2 |
| | 04. Fjöldi menningarviðburða | 49 | 45 | 50 |
| | 05. Fjöldi rannsóknarverkefna | 10 | 10 | 10 |
| 02 Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og fræðslu barna | 01. Fjöldi menningarviðburða fyrir börn og fjölskyldur | 15 | 15 | 15 |
| | 02. Ánægja með menningarstarf fyrir börn og fjölskyldur | 53% | 70% | 70% |
| | 03. Fjöldi heimsókna skólabarna og barna í tómstundastarfi | 9.000 | 7.000 | 7.000 |
| 03 Markviss stuðningur við menningu og listsköpun borgarbúa | 01. Ánægja faghópa | * | 70 | 70 |
| 04 Áhersla á aðgengi og þátttöku allra þjóðfélagshópa að/í menningu og listum | 01. Framboð kynningarefnis á erlendum tungumálum | 5 | 6 | 6 |
| | 02. Aðgengi fatlaðra og leiðsögn fyrir sjón- og heyrnarskerta | 0 | 1 | 1 |
| | 03. Fjöldi menningarviðburða með þátttöku nýbúa | 0 | 1 | 1 |
| 05. Reykjavík sé alþjóðleg borg þar sem menningarleg sérstaða hennar nýtur sín | 01.Þátttaka í alþjóðlegum viðburðum á vegum borgarinnar | * | * | * |
| | 02. Þátttaka í faglegu samstarfi erlendis | * | * | * |
| | 03. Fjöldi verkefna sérstaklega eru sniðin að þörfum erl. gesta | * | * | * |
| | 04. Fjöldi verkefna sem koma ísl. listam./fagfólki á framfæri erl. | * | * | * |
| | 05. Fjöldi innlendra verkefna sem hafa alþjóðleg tengsl | * | * | * |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markm. 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **02 Fjármál** | | | | |
| 01 Tryggja góða og hagkvæma nýtingu og stýringu fjármuna | 01. Kostnaðaráætlun vs. Raun | 100% | 100% | 100% |
| | 02. Tekjuáætlun vs. raun | 100% | 100% | 100% |
| | 03. Frávik frá rekstraráætlun | 0% | 0% | 0% |
| 02 Stuðla að verðmætasköpun | 01. Mælikvarði í þróun | * | 0 | * |
| 03* Auðvelda samanburð milli rekstrareininga og ólíkra rekstrarleiða | 01. Kostnaður pr. gest (brúttó)* | 1.837 | 2.066 | 2.024 |
| | 02. Sértekjur pr. gest | 209 | 227 | 218 |
| | 03. Kostnaður á einingu/borgarbúa (nettó)* | 825 | 878 | 883 |

* án innri leigu

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markm. 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **03 Verklag** | | | | |
| 01 Tryggja góða og skilvirka þjónustu sem einfalt er að nálgast | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með þjónustu | 81% | 91% | 91% |
| | 02. % viðskiptavina sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna | 84% | 85% | 85% |
| | 03. % viðskiptavina sem telur sig fá hraða/skilvirka þjónustu | 75% | 84% | 85% |
| | 04. Framfylgni þjónustusamninga | * | * | * |
| 02 Tryggja skýrar og skilvirkar ábendingarleiðir | 01. % skilgreindra vinnuferla yfir meginþætti starfsins | * | 15% | 15% |
| | 02. % starfsmanna með aðgang að skilgreindum ferlum | * | 50% | 50% |
| 03 Tryggja upplýsingaflæði til borgarbúa, samstarfsaðila og starfsmanna | 01. % viðskiptavina sem eru ánægðir með upplýsingagjöf á heimasíðu | 41% | 70% | 70% |
| | 02. % starfsmanna sem telur sig fá fullnægjandi upplýsingar um það sem er að gerast innan síns vinnustaðar og snertir starf þeirra | 22% | 46% | 75% |
| | 03. % erindisferla sem eru aðgengilegir á heimasíðu | * | | 5% |
| 04 Tryggja einfalda og gegnsæja stjórnsýslu | 01. % erinda sem berast með rafrænum hætti | * | | 5% |
| | 02. % texta á heimasíðu á ensku | 20% | 50% | 50% |
| | 03.% fornleifa, húsa og muna skráð í Sarp - menningarsögulegan gagnagrunn | * | 40% | 40% |
| | 04 % skráðra fornleifa í borgarvefsjá | * | 40% | 40% |
| 05 Í borgarmyndinni sé sögu borgarinnar ávallt sýnd virðing og mannvænt umhverfi haft að leiðarljósi | 01.Fjöldi merktra menningarminja | 117 | 140 | 140 |
| | 02. Fjöldi upplýsingaskilta á safnsvæði | 25 | 3 | 3 |
| | 03. % aukning í leiðsögnum um borgina | * | 5% | 5% |

| Velgengnisþættir | Mælikvarðar | Raun 2003 | Áætlun 2004 | Markm. 2005 |
|---|---|---|---|---|
| **04 Mannauður** | | | | |
| 01 Stuðla að jákvæðu starfsumhverfi | 01. % ánægðra með starf sitt | 78% | 85% | 85% |
| | 02. % ánægðra með vinnuaðstöðu | 89% | 85% | 95% |
| | 03. % starfsmanna sem telur að starfsandinn sé góður | 89% | 77% | 100% |
| | 04. % starfsmanna sem eru ánægðir með laun sín miðað við laun fyrir sambærileg störf annars staðar | 11% | 8% | 90% |
| | 05. % starfsmanna sem hafa starfað lengur en 3 ár | * | 80% | 75% |
| 02 Stuðla að samvinnu og sveigjanleika í starfi | 01. % starfsmanna sem telur samvinnu við samstarfsmenn góða | 67% | 85% | 95% |
| | 02. % starfsm. sem telur auðvelt að samræma starf og fjölskyldulíf | 78% | 77% | 70% |
| 03 Stuðla að Jafnræði og jafnrétti | 01. % karla/kvenna í stjórnunarstöðum | 30/70 | 30/70 | 30/70 |
| 04 Efla þekkingu og frumkvæði starfsfólks | 01. % starfsmanna sem fara í árlegt starfsmannasamtal | 100% | 77% | 100% |
| | 02 % starfsmanna sem tekur þátt í árlegri símenntunaráætlun | 33% | 62% | 100% |
| | 03. % starfsm. sem telur að tillit sé tekið til hugm. þeirra varðandi starf sitt | 44% | 46% | 65% |
| | 04. % starfsmanna sem upplifir starfsþróun | 44% | 46% | 100% |
| 05 Nýta bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma | 01. % starfsmanna sem telur að hæfni þeirra nýtist í starfi | 44% | 77% | 100% |

* mælikvarði í þróun